



BYGGÐASTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA 2013



Umsjón: Guðmundur Guðmundsson

Hönnun og umbrot: Hvíta húsið


Prentvinnsla: Svansprent

Ljósmyndir: Ragnar Th. Sigurðsson, Óskar Hallgrímsson, Hjalti Árnason o.fl.

Forsíðumyndin er frá Ólafsvík. Ljós. Ragnar Th.

EFNISYFIRLIT

Formáli formanns	4
Inngangur forstjóra	6
Stjórn og starfsfólk Byggðastofnunar	9
Starfsemi fyrirtækjasviðs	10
Starfsemi þróunarsviðs	13
Fjárhagur og rekstur	26
Ársreikningur Byggðastofnunar 2013	29
Styrkir og framlög	43
Lög og reglugerð um Byggðastofnun	44



FORMÁLI FORMANNS

Landsbyggðir í sókn og vörn

Í flestum vestrænum löndum hafa mörkin milli þéttbýlis og dreifbýlis orðið sífellt flóknari og óskýrari á undanförunum áratugum.

Bættar samgöngur, framfarir í samskiptatækni og sveigjanlegri atvinnuhættir hafa skapað margvísleg ný tækifæri til atvinnu og búsetu um leið og sérhæfing á vinnumarkaði hefur aukist og störfum í hefðbundinni frumframleiðslu á borð við sjávarútveg og landbúnað fækkað til muna. Þá hafa auknar kröfur um aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu, verslun og þjónustu víða leitt til dreifðari starfsemi og vaxtar smærri þjónustukjarna. Þannig má segja að utan stórborganna blandist hefðbundið borgarsamfélag og hefðbundið dreifbýli nú í mismiklum mæli á víðfeðmum atvinnu- og þjónustusvæðum úthverfa, smáborga, bæja, þorpa og sveita. Veruleg fólksfækkun er nú víðast hvar einkum bundin við afskekktari byggðarlög sem búa við einhæfni í atvinnulífi og takmarkaðan aðgang að þeim lífsgæðum sem einkenna fjölbreytt nútímasamfélög.

Þótt Reykjavík sé smáborg á alþjóðlegan mælikvarða býður hún upp á fjölbreytt tækifæri til atvinnu, afþreyingar, menntunar, menningar og þjónustu. Um tveir af hverjum þremur landsmönnum búa á höfuðborgarsvæðinu og enn fleiri hafa átt þar búsetu um lengri eða skemmri tíma. Jafnframt er Reykjavík nokkurs konar miðstöð hins alþjóðlega nútímasamfélags á Íslandi sem veitir alþjóðlegum straumum og stefnum í menningu, stjórnámálum og efnahagslífi um allt land. Þótt borginni og landsbyggðunum sé stundum stillt upp sem andstæðum og jafnvel andstæðingum í neikvæðri opinberri umræðu um byggðamál hefur samspil ólíkra byggðarlaga verið meðal helstu drifkrafta vaxtar og framfara um allt land um tveggja alda skeið.

Íbúum landsbyggðanna hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu öld og eru þeir nú fleiri en nokkru

sinni fyrr í Íslandssögunni. Jafnframt hefur fjölbreytni atvinnulífs og búsetukosta aukist til mikilla muna. Á Vesturlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum njóta um 50 þúsund landsmenn lífsgæða smærri samfélaga, nálægðar við náttúruna og lægra húsnæðisverðs í seilingarfjarlægð frá fjölbreyttu borgarsamfélagi Reykjavíkur. Á ysta jaðri þess svæðis hafa sjávarbyggðir á Snæfellsnesi og í Vestmannaeyjum einnig haldið sínum hlut að mestu. Á Norðurlandi hefur skapast vísir að borgarsamfélagi á Akureyri sem í samspili við helstu byggðakjarna í Skagafirði, Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu styður fjölbreytta verslun, þjónustu, menntun og menningu á svæði sem telur um 30 þúsund íbúa. Á Austurlandi hafa Egilsstaðir vaxið sem þjónustumiðstöð um hálfra aldar skeið, en með stóriðju á Reyðarfirði og uppbyggingu í sjávarútvegi og ferðaþjónustu mynda Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð saman tiltölulega fjölbreytt en nokkuð brotkennt atvinnu- og þjónustusvæði með um tíu þúsund íbúa. Á öllum öðrum svæðum landsins búa samtals um 17 þúsund manns eða um 5% þjóðarinnar.

Tækni framfarir, sérhæfing og samþjöppun framleiðslunnar hafa víða leitt til fækkunar starfa í sjávarútvegi, landbúnaði og matvælaframleiðslu. Þannig hefur fólki víðast hvar fækkað umtalsvert í sveitum og byggðakjarnar sem byggja einkum á þjónustu við landbúnað hafa því einnig átt undir högg að sækja. Sömuleiðis hafa smærri sjávarþorp víða átt erfitt uppdráttar vegna breytinga í veiðum og vinnslu og þeirrar óvissu sem frjálst framsal aflaheimilda skapar í öllum byggðarlögum sem byggja tilvist sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Á sama tíma hafa strjálbýli og erfiðar samgöngur á ákveðnum svæðum staðið annarri



atvinnuuppbyggingu fyrir þrifum og takmarkað aðgengi að gæðum fjölbreytts nútímasamfélags.

Mikilvægt er að höfuðborgarsvæðið og önnur vaxtarsvæði landsins fái áfram að dafna og stjórnvöld tryggja öflugt stoðkerfi atvinnulífsins og sem víðtækasta opinbera þjónustu í heimabyggð eftir því sem mannfjöldi leyfir. Með samgöngubótum má styrkja og þétta vaxtarsvæði landsins, stækka þau og tengja með hagkvæmum hætti. Kostnaður samgöngubóta á hvern íbúa vex óhjákvæmilega í hlutfalli við strjálbýli og mikilvægi slíkra samgöngubóta fyrir íbúana. Jafnframt er ljóst að opinber gjöld sem fjármagna samgöngukerfið og hvetja til vistvænni ferðamáta fela í sér sérstaka gjaldtöku á þá sem sækja þurfa vinnu, þjónustu og aðföng um langan veg og vinna þannig gegn eflingu dreifbýlli atvinnu- og þjónustusvæða. Mikilvægi netsamskipta og öflugra gagnaflutninga fer jafnframt sífellt vaxandi og ljóst að opinber stuðningur er nauðsynlegur til þess að hraðar tækniframfarir á því sviði nái jafnóðum til allra landsmanna. Þá eru afhendingaröryggi og samþæfingur orkukostnaður einstaklinga og fyrirtækja mikilvæg búsetuskilyrði um allt land.

Alvarlegur byggðavandi á Íslandi er landfræðilega afmarkaður og nær til lítils hluta þjóðarinnar. Því er tiltölulega auðvelt að bregðast við honum með markvissum hætti ef um

það næst samstaða meðal þjóðarinnar og pólitískur vilji er fyrir hendi. Draga þarf úr óvissu í dreifðari byggðum með því að skilgreina með skýrum hætti þá opinberu þjónustu sem íbúarnir eiga rétt á í heimabyggð, hvernig hún verði tryggð til lengri tíma og með hvaða hætti íbúarnir geti með auðveldum og ódýrum hætti sótt aðra þjónustu til svæðisbundinna þjónustukjarna eða höfuðborgarsvæðisins. Tryggja þarf stöðugleika sjávarútvegs í þeim sjávarbyggðum sem liggja utan stærri vinnusóknarsvæða ef þær eiga að halda velli til langframa. Huga þarf að grunngerð sveitasamfélaga og nýta opinberan stuðning við landbúnað með markvissari hætti til að styrkja samfélagsgerðina, auðvelda kynslóðaskipti í landbúnaði og treysta svæðisbundna þjónustukjarna í sessi. Samstarf Byggingastofnunar við íbúasamtök, sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök um eflingu brothættra byggða víða um land hefur gefið góða raun í þessu sambandi og gefur vonir um aukið gagnsæi og betri árangur sértækra aðgerða í þágu þeirra tiltölulega fáu samfélaga sem eiga við alvarlegan byggðavanda að etja.

*Þóroddur Bjarnason
formaður stjórnar Byggingastofnunar*

INNGANGUR FORSTJÓRA

Verkefni starfsmanna Byggðastofnunar eru mjög fjölbreytt og kalla á mikinn sveigjanleika og aðlögunarhæfni af þeirra hálfu. Þetta gerir stofnunina einnig að aðlaðandi vinnustað þar sem lítil hætta er á að starfsmenn festist í sama farinu.

Starfsemin er í grófum dráttum tvíþætt, annars vegar starfar Byggðastofnun á líkan hátt og hefðbundinn fjárfestingarbanki, veitir lán undir sama regluverki og önnur fjármálafyrirtæki, en þó á grundvelli sjónarmiða um þróun landsbyggðanna, og á hinn bóginn fylgist stofnunin með þróun byggðar í landinu og vinnur að fjölbreytilegum verkefnum og upplýsingaöflun því tengt. Hér verður aðeins tæpt á því helsta, en verkefnum eru gerð nánari skil í ársskýrslunni.

Starfsmenn Byggðastofnunar eru 23, þar af 21 á skrifstofu stofnunarinnar á Sauðárkróki. Einn starfsmaður er á Raufarhöfn og einn í Reykjavík.

Það starfsár sem nú er að líða hefur verið bæði viðburðaríkt og annasamt, ný verkefni hafa bæst við og önnur fengið aukið vægi. Miklum tíma hefur verið varið til áframhaldandi vinnu við verkefnið um brothættar byggðir, þar sem reynt er að nálgast vanda byggðarlaga sem glímt hafa við langvarandi fólksfækkun með nýjum hætti. Með fjárlögum ársins 2014 var tryggt fjármagn til að þróa verkefnið áfram og er unnið að því að nýta þá reynslu sem fengist hefur á fleiri stöðum á landinu í samstarfi við sveitarfélög og stoðstofnanir á viðkomandi svæðum. Nánar er fjallað um þetta verkefni í sérstökum kafla í ársskýrslunni, en það er mat Byggðastofnunar að þetta verkefni hafi nú þegar skilað umtalsverðum árangri við að virkja heimamenn og miklar væntingar eru gerðar til þess að það skili meiri árangri en fyrri tilraunir til að nálgast vanda brothættra byggða að ofan og utan.

Í ársbyrjun 2014 tók Byggðastofnun við umsýslu með AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi. AVS veitir styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs, en

skammstöfunin AVS stendur fyrir „Aukið Verðmæti Sjávarfangs“. Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis. Styrkir AVS rannsóknasjóðs eru til gagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnunum. Úthlutunarnefnd sjóðsins forgangsraðar tillögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um styrki til rannsókna í þágu verkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins. Ekki eiga að verða miklar breytingar á starfsemi AVS við þetta, en fyrri stjórn sjóðsins hefur verið leyst frá störfum, en þess í stað skipuð þriggja manna úthlutunarnefnd, sem tekur við því hlutverki stjórnar að útbúa tillögur um styrki byggða á mati faghópa. Faghóparnir eru fjórir: veiðar og vinnsla, fiskeldi, líftækni og markaðir. Að auki er lítil faghópur um atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum. Pétur Bjarnason starfsmaður sjóðsins er eftir breytinguna starfsmaður þróunarsviðs Byggðastofnunar.

Þá hefur Byggðastofnun einnig á starfsárinu tekið við umsýslu með flutningsjöfnunarsjóði olíuvara skv. lögum nr. 103/1994. Lagt er flutningsjöfnunargjald á allar olíuvörur, sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innanlands, og rennur gjaldið í sérstakan sjóð, flutningsjöfnunarsjóð olíuvara. Með starfsemi sjóðsins er leitast við að tryggja sama verð á olíuvörum um land allt. Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara er skipuð þremur mönnum sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn og er forstjóri Byggðastofnunar eða staðgengill hans formaður stjórnarinnar. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar en jafnframt situr í henni einn stjórnarmaður tilnefndur sameiginlega af þeim olíufélögum sem annast olíudreifingu í öllum landshlutum, eða meirihluta félaganna.



Alþingi samþykkti þann 25. júní 2013 að Byggðastofnun skuli næstu fimm fiskveiðiar hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.800 þorskígildistonnum til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Ljóst var að þessar takmörkuðu aflaheimildir dygðu ekki til að hefja frá grunni nýja fiskvinnslu, og því yrði áherslan að vera á að nýta þær sem best til eflingar atvinnulífs í byggðum þar sem stöðug fiskvinnsla hefur verið grunnur atvinnu á viðkomandi stað, og eru því háðastar stöðugleika í sjávarútvegi. Byggðastofnun mótaði reglur og viðmið þar sem áhersla er m.a. lögð á viðtækt samstarf við útgerðarfyrirtæki sem búa yfir umtalsverðum aflaheimildum og möguleikum til fullvinnslu sjávarafurða í hverju byggðarlagi fyrir sig. Um er að ræða samstarf ríkis og einkaaðila um byggðaeflingu og stefndi Byggðastofnun á að ganga til samninga um eflingu sjávarútvegs í fjórum til sex þeirra á grundvelli móttframlags sem einkaaðilar byðu fram og þeirra byggðaaáhrifa sem vænta mætti af umsóknum þeirra. Útgerðin á hverjum þessara staða leggur fram allt að 1.500 þorskígildistonn á móti 150–400 tonnum frá Byggðastofnun. Horft var til uppbyggingar í sjávarútvegi sem skapar eða viðheldur sem flestum heilsársstörfum fyrir konur og karla við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í viðkomandi sjávarbyggðum. Það er mat Byggðastofnunar að þetta fyrirkomulag stuðli að öflugri sjávarútvegi

til lengri tíma lítið og dragi um leið úr óvissu um framtíð sjávarbyggðanna.

Eins og kunnugt er dró verulega úr eftirspurn eftir nýjum útlánum í kjölfar bankahrunsins, og hélst það ástand langt fram á síðasta ár. Undanfarna mánuði má þó greina verulega fjölgun umsókna um ný lán. Á árinu 2013 tók lánanefnd fyrir 52 lánumsóknir, og var heildarupphæð umsókna 1.556 m.kr. Samþykkt var að lána 832 m.kr. eða 53% af umsóttri upphæð. Er þetta veruleg aukning frá árinu 2012. Nánari grein er gerð fyrir lánastarfseminni í kafla um starfsemi fyrirtækjasviðs í ársskýrslunni.

Í ársbyrjun 2014 var fitjað upp á þeirri nýbreytni að bjóða sérstök lán til jarðakaupa til að greiða fyrir kynslóðaskiptum í landbúnaði. Lánin verða verðtryggt jafngreiðslulán til allt að 25 ára með 5% vöxtum. Möguleiki er á að semja um að aðeins verði greiddir vextir fyrstu 3 árin. Skilyrði fyrir slíku láni er að á viðkomandi jörð sé stundaður búskapur í atvinnuskyni og að á jörðinni sé föst búseta. Þessi valkostur hefur hlotið góðar móttökur, og því ljóst að þörf var á þessu úrræði.

Hvað varðar innra starf stofnunarinnar hefur margt áunnist á liðnu starfsári. Þar ber líklega hæst að um síðastliðin áramót varð sú breyting á ímynd hennar að tekið var upp nýtt merki og allt kynningarefni hefur verið endurnýjað. Þá fór ný heimasíða í loftið samtímis þessu. Nýtt merki Byggðastofnunar er hannað af Guðmundi Bernharð Flosasyni grafískum hönnuði

hjá Hvíta húsinu auglýsingastofu. Grunnur nýja merkisins er sólarupprásin. Mislangir geislar sólarinnar vísa til uppbyggingar og/eða vaxtar sprotafyrirtækja sem eru mislangt á veg komin á þróunarbraut sinni. Merkið vísar einnig lauslega í útlínur Íslands. Litur sólarinnar við sólarupprás er aðallitur merkisins.

Á fundi stjórnar Bygðastofnunar þann 9. október 2013 var samþykkt jafnréttisstefna fyrir stofnunina. Einn meginþáttur hennar er jafnlaunastefna, að konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf og njóti sömu kjara er varðar önnur starfskjör og réttindi. Jafnlaunakerfi Bygðastofnunar á að tryggja virka rýni og stöðugar umbætur á framkvæmd jafnlaunastefnunnar. Þann 28. nóvember 2013 fékk svo Bygðastofnun staðfestingu

á því að hún hafi hlotið Jafnlaunavottun VR, önnur í röð íslenskra ríkisstofnana. Hún hefur þar með fengið staðfestingu á því að búið sé að kerfisbinda launaákvæðanir, koma upp jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum jafnlaunastaðals og að nú verði kerfisbundið fylgst með því hjá stofnuninni að starfsfólk sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf hafi sambærileg laun óháð kynferði.

Ársreikningur Bygðastofnunar árið 2013 var staðfestur af stjórn stofnunarinnar þann 14. mars síðastliðinn. Hagnaður ársins 2013 nam 188,9 milljónum króna og var eiginfjárlutfall í árslok 16%. Fjárhagsleg staða hennar er því sterk nú um stundir, en hafa ber í huga að eðli máls samkvæmt er rekstur útlánastarfsemi Bygðastofnunar bundinn meiri áhættu en annarra lánastofnana. Miklar breytingar hafa orðið á undanförunum misserum á starfsumhverfi stofnunarinnar að þessu leyti, einkum á árunum eftir hrun bankanna. Því verður að ítreka ábendingar um að til lengri tíma er nauðsynlegt að taka fyrirkomulag lánastarfsemi stofnunarinnar til endurskoðunar enda er markmið 11. greinar laga um Bygðastofnun um að stofnunin varðveiti eigið fé að raungildi ekki raunhæft. Ljóst er að lánastarfsemi til fyrirtækja á svæðum sem búa við neikvæðan hagsvöxt er í eðli sínu áhættusöm og vaxtagreiðslur slíkra fyrirtækja í viðunandi rekstri geta ekki fyllilega staðið undir útlánatapi vegna fyrirtækja í vanda. Móta þarf skýra stefnu um stuðning við slíka lánastarfsemi og marka henni tekjustofn.


Frá afhendingu Jafnlaunavottunar VR.



*Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri Bygðastofnunar*

STJÓRN OG STARFSFÓLK BYGGÐASTOFNUNAR

APRÍL 2014



STARFSEMI FYRIRTÆKJASVIÐS

Lánastarfsemi Byggðastofnunar var með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu 2013. Lánanefnd tók fyrir 52 lánsúmsóknir frá 47 umsækjendum og voru það helmingi fleiri úmsóknir en árið áður.

Heildarupphæð úmsókna var 1.556 m.kr. og samþykkt var að lána 832 m.kr. eða 53% af úmsóttum upphæðum. Samþykkt var 31 úmsókn, 19 úmsóknir frá nýjum viðskiptavinum og 12 úmsóknir frá úmsækjendum sem þegar voru í viðskiptum við stofnunina.


Flestar úmsóknir bárust frá fyrirtækjum í ferðapjónustu, um helmingur allra úmsókna á árinu 2013. Næst stærsti flokkurinn var sjávarútvegur. Sótt var um lán fyrir um milljarð til uppbyggingar í ferðapjónustu og var samþykkt að lána um helming af þeirri upphæð til 15 fyrirtækja. Hlutfallslega var samþykkt mest af úmsóttum lánnum í landbúnaði eða 74%. Á mynd 1 má sjá hvernig fjöldi úmsókna skiptist í hlutföllum eftir atvinnugreinum og hvernig hlutfall samþykktra úmsókna eftir upphæð skiptist á milli atvinnugreina. Um 64% af veittum lánnum árið 2013 fór til uppbyggingar í ferðapjónustu.

Flestar úmsóknir komu frá Vesturlandi og Vestfjörðum, 11 úmsóknir frá hvorum landshluta, en úmsóknir um lán komu frá öllum landshlutum árið 2013. Á mynd 2 má sjá hvernig samþykkt lán dreifðust hlutfallslega eftir landshlutum en 33% af veittum lánnum fór á Suðurland.

Það er liður í samþættingu kynjasjónarmiða hjá Byggðastofnun að halda utan um tölfræði um hvernig úmsóknir sem berast til stofnunarinnar skiptast eftir kyni eigenda eða forsvarsmanna fyrirtækja. Þrjár úmsóknir bárust á síðasta ári frá fyrirtækjum sem eru alfarið í eigu kvenna eða konur eru í forsvari fyrir, og eru það um 6% af úmsóknum ársins sem er svipað hlutfall og undanfarin ár. Flestar úmsóknir bárust frá fyrirtækjum sem eru í eigu karla eða karlar í forsvari fyrir, 33 úmsóknir sem eru um 70% úmsókna. 11 úmsóknir bárust frá fyrirtækjum sem eru í eigu beggja kynja eða bæði kynin eru í forsvari fyrir eða um 24% úmsókna sem er aðeins minna hlutfall en undanfarin ár.


Ef skoðaðar eru úmsóknir árið 2013 eftir kyni með tilliti til upphæða sem sótt er um kemur í ljós að fyrirtæki sem karlar eru í forsvari fyrir sækja um rúman milljarð í lán eða að meðaltali 32,8 m.kr. á úmsókn. Fyrirtæki sem konur eru í

Mynd 1 – Hlutfall samþykktra úmsókna eftir upphæðum og fjölda úmsókna



Mynd 2 – Samþykktar úmsóknir eftir landshlutum (upphæð)

- Suðurnes
- Vesturland
- Vestfirðir
- Norðurland vestra
- Norðurland eystra
- Austurland
- Suðurland






forsvari fyrir sækja um að meðaltali 12,5 m.kr. á umsókn og fyrirtæki í eigu beggja kynja sækja um að meðaltali 39,5 m.kr. á umsókn. Hlutfallslega flestar umsóknir voru samþykktar sem bæði kynin standa á bak við, 94% af umsótttri upphæð.


Staða útlána í lok árs 2013 var um 12,1 milljarðar í heild. Útlán til ferðaþjónustu eru um 3,8 milljarðar króna og er það stærsta einstaka atvinnugreinin í lánasafninu, með um 31%. Stærstur hluti af því, um 78% er vegna uppbyggingar hótela og gistiheimila. Næst á eftir eru útlán til fyrirtækja í sjávarútvegi um 3 milljarðar króna, eða 25% af útlánnum og er stærstur hluti þess vegna útgerðarfyrirtækja, um 1,3 milljarðar. Heildarlán til landbúnaðar eru um 1,1 milljarðar króna og eru um 9% af heildarlánnum. Stærstur hluti eða 65% af þeirri upphæð er vegna uppbyggingar á kúabúum. Á mynd 3 sést hvernig lánasafn Byggðastofnunar skiptist hlutfallslega eftir atvinnugreinum og jafnframt hlutfallsleg skipting fjölda viðskiptavina. Einungis 9% af viðskiptavinum stofnunarinnar starfa í sjávarútvegi en 24% af útlánnum eru til þeirrar atvinnugreinar sem segir að meðallán til sjávarútvegs eru mun hærrí en t.d. til landbúnaðar þar sem hlutfall viðskiptavina er 16% en útlán 10%.

Um fjórðungur útlána Byggðastofnunar er á Norðurlandi eystra en Vestfirðir, Suðurland og Norðurland vestra eru svipuð að stærð og svo aftur Vesturland og Austurland með um 10%.

Mynd 3 – Skipting lánasafns eftir atvinnugreinum og fjölda viðskiptavina



Mynd 4 - Skipting lánasafnsins eftir landshlutum og atvinnugreinum.



Mynd 4 sýnir skiptingu á lánasafninu eftir landshlutum og atvinnugreinum og tölurnar við súlurnar segja til um hversu margir viðskiptavinir eru í hverjum landshluta. Eins og sést á myndinni endurspeglar lánasafn Byggðastofnunar atvinnulíf og uppbyggingu atvinnulífs undanfarin ár í landshlutunum nokkuð vel. Þannig eru lán til ferðapjónustu fyrirferðarmest á Suðurlandi, sjávarútvegur á Vestfirðum og landbúnaður á Norðurlandi vestra.

Byggðastofnun á hlut í 53 fyrirtækjum víðs vegar um landið og í flestum atvinnugreinum. Bókfært virði hlutabréfasafns Byggðastofnunar var um áramót rúmar 809 m.kr. en nafnverð

þess er um 845 m.kr. Lista yfir hlutabréfasafn stofnunarinnar er að finna í skýringum við ársreikning og á heimasíðu stofnunarinnar.


Stærstur hluti hlutabréfaeignar Byggðastofnunar liggur á Suðurnesjum en þar á stofnunin m.a. hlut í Samkaupum, fasteignafélaginu Urtusteini og Eignarhaldsfélagi Suðurnesja. Svipað hlutfall er í fyrirtækjum á Vestfirðum þar sem stofnunin á m.a. hlut í Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum, eignarhaldsfélaginu Hvetjanda, Þórsbergi á Tálknafirði og eignarhaldsfélaginu Glámu.

Stærsti hluti hlutabréfasafns Byggðastofnunar er í fjárfestingarfélögum en stofnunin á hlutabréf í Eignarhaldsfélagi Suðurlands, Eignarhaldsfélagi Suðurnesja, Fjárfestingarfélaginu Vör á Austurlandi og Hvetjanda á Vestfirðum. Þá er hlutur iðnaðarfyrirtækja töluverður en Byggðastofnun á stóran hlut í jarðgerðarstöðinni Moltu í Eyjafirði og Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum.

Starfsmenn fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar eru með víðtæka þekkingu á atvinnulífi og rekstri fyrirtækja í byggðum landsins. Í dag eru fimm starfsmenn á fyrirtækjasviði, forstöðumaður, þrír lánasérfræðingar og ritari. Á fyrirtækjasviðinu er leitast við að bjóða persónulega og góða þjónustu og halda góðum tengslum við viðskiptavini Byggðastofnunar.

Mynd 5 - Skipting hlutabréfasafns Byggðastofnunar eftir atvinnugreinum m.v. 31.12.2013 á bókfærðu virði

- Fasteignarekstur
- Ferðapjónusta
- Fjárfestingarfélög
- Iðnaður
- Landbúnaður
- Ráðgjafa- og þróunarfélög
- Sjávarútvegur
- Verslun og þjónusta



Heimild: Byggðastofnun

STARFSEMI ÞRÓUNARSVIÐS

Eins og fram kemur í lögum og reglugerð fyrir Byggðastofnun er hlutverk þróunarsviðs að annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hafa umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs.

Á heimasíðu Byggðastofnunar, www.byggdastofnun.is, er að finna nánari upplýsingar um starfsemi þróunarsviðsins. Þar er til dæmis að finna skýrslur um hagvöxt landshluta, stöðugreiningar fyrir svæði sóknaráætlana landshluta, fylgirit stefnumótandi byggðaáætlunar 2014-2017 og Byggðapróun á Íslandi stöðugreining 2013. Einnig eru upplýsingar um sam- anburð fasteignamats og fasteignagjalda á nokkrum þéttbýlisstöðum, upplýsingar um orkukostnað heimila á sömu stöðum og á nokkrum svæðum í dreifbýli sem og ýmis konar byggðatengdar upplýsingar settar fram á kortum svo sem um vinnusóknarsvæði.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum þáttum í starfsemi þróunarsviðsins.

Aflamark Byggðastofnunar

Með breytingu á lögum nr. 116/2006 þann 25. júní 2013 samþykkti Alþingi að Byggðastofnun skuli næstu fimm fiskveiðiár hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.800 þorskígildis- lestum til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Meginmarkmið verkefnisins er að auka byggðafestu í þeim sjávarbyggðum sem: a) standa frammi fyrir alvarlegum og bráðum vanda vegna skorts á aflaheimildum eða óstöðugleika í sjávarútvegi, b) eru háðastar sjávarútvegi og eiga minnsta möguleika á annarri atvinnuuppbyggingu, c) eru fámennar, fjarri stærri byggðakjörnum og utan fjölbreyttra vinnusóknarsvæða.


Í því skyni er stefnt að uppbyggingu í sjávarútvegi sem skapar eða viðheldur sem flestum heilsársstörfum fyrir bæði konur og karla við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í viðkom-

andi sjávarbyggðum og stuðla að sem öflug- astri starfsemi í sjávarútvegi til lengri tíma og draga sem mest úr óvissu um framtíð sjávar- byggðanna. Til að nýta aflaheimildirnar og úthluta þeim á þann hátt að þær komi að sem mestu gagni mótaði Byggðastofnun reglur og viðmið þar sem áhersla er m.a. lögð á víðtækt samstarf við útgerðarfyrirtæki sem búa yfir umtalsverðum aflaheimildum og möguleikum til fullvinnslu sjávarafurða í hverju byggðarlagi fyrir sig. Útgerðir á hverjum þessara staða leggja fram allt að 1.500 þorskígildistonn á móti 150 til 400 tonnum frá Byggðastofnun.

Auglýst var eftir umsóknum í eftirtöldum byggðarlögum: Breiðdalsvík í Breiðdalshreppi, Drangsnesi í Kaldrananeshreppi, Flateyri í Ísafjarðarbæ, Raufarhöfn í Norðurþingi, Suðureyri í Ísafjarðarbæ og Tálknafirði í Tálknafjarðar- hreppi í september 2013 og síðar vegna Bakka- fjarðar í Langanesbyggð. Gengið var til sam- inga við aðila á öllum þessum stöðum nema á Breiðdalsvík. Úthlutað var 400 tonnum á Tálknafjörð, Suðureyri og Raufarhöfn, 300 tonnum á Flateyri og 150 tonnum á Drangsnesi. Vonir standa til að með þessu verkefni verði komið á meiri stöðugleika á heils árs grundvelli og þar með lagður grunnur að aukinni byggða- festu á áður nefndum stöðum.

Atvinnuþróunarfélög

Nýir samningar voru gerðir við atvinnuþróunarfélögin í upphafi árs 2013 og gilda þeir til ársloka 2017. Félögin sem um ræðir eru Atvinnuþróunarfélög Suðurlands, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum - atvinnuráðgjöf, SSV þróun og ráðgjöf, Fjórðungssamband Vestfirðinga - atvinnuþróun, SSVN atvinnuþróun, Atvinnu-





Þróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Austurbrú. Alþingi ákveður á fjárlögum framlag til styrktar rekstri atvinnuþróunarfélaga og nam sú upphæð 167,6 milljónum króna á árinu 2013. Byggðastofnun skiptir fjármagninu milli félaganna og greiðir það samkvæmt samningi við hvert félag.

Markmið samninganna er að skapa grundvöll um samstarf við byggðapróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpun og atvinnuþróunarstarf. Einnig að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæðum félaganna m.a. í samræmi við sóknaráætlanir svæðanna. Þá skal einnig unnið að uppbyggingu og gagnkvæmri miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðapróunar milli samningsaðila.

Atvinnuþróunarfélögin veita ráðgjöf við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðunum, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Áhersla skal lögð á fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðalaga, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum, fyrirtæki með nýja vöru eða þjónustu og nýstofnuð fyrirtæki. Atvinnuþróunarfélögin vinna í samstarfi við sveitarfélög, opinbera aðila og félagasamtök að greiningu og eflingu búsetuþátta. Félagin skulu hafa góða heildaryfirsýn yfir starfssvæði sín og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta.

Brothættar byggðir

Á undanförunum árum og áratugum hefur byggð blómstrað víða um land, sérstaklega í byggðarlögum í innan við 100 km fjarlægð frá Reykjavík og á Mið-Norðurlandi og Mið-Austurlandi. Á þessum svæðum búa um 95% þjóðarinnar. Hins vegar hafa nokkur byggðarlög á varnarsvæðum átt við mikinn vanda að etja um langt árabil. Þessi vandi birtist í viðvarandi fólksfækkun, einhæfni atvinnulífs, fækkun starfa og hækkandi meðalaldri íbúa. Hér er einkum um að ræða fámenna byggðakjarna og sveitir í umtalsverðri fjarlægð frá stærri byggðakjörnum. Þau verkfæri sem til staðar eru, svo sem lánveitingar Byggðastofnunar og fjölþættur stuðningur atvinnuþróunarfélaga og stoðkerfisins, auk ýmissa annarra aðgerða opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga hafa ekki megnað að stöðva þessa þróun, hvað þá að snúa henni við.

Byggðastofnun hafði á árinu 2012 frumkvæði að því að hefja tilraunaverkefni á Raufarhöfn. Markmiðið var m.a. að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra sem láta sig samtíð byggðarlagsins varða. Aðferðin byggist á að halda tveggja daga íbúabing þar sem rætt er um stöðu byggðarinnar og leiðir til úrlausna. Á íbúabinginu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefnið og raða síðan viðfangsefnum eftir mikilvægi. Verkefnið sem hlaut heitið „Brothættar

byggðir“ hefur síðan breiðst út og nær nú til Bíldudals, Breiðdalshrepps og Skaftárhrepps.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ráðgjafarfyritækinu Ildi ehf. hefur haft umsjón með íbúafundum og íbúapöngum og úrvinnslu þeirra. Hún hefur sérhæft sig í aðferðum til þátttöku og samráðs og starfar eftir alþjóðlegum grunn-gildum og siðareglum. Framhald verkefnisins byggir síðan á niðurstöðum íbúapöngsins. Lögð er áhersla á að um tilraun sé að ræða, en gefið er loforð um að þeir sem að verkefninu standa taki mið af skilaboðum íbúa við ákvarðanir sem varða viðkomandi samfélag. Einnig að upplýsa íbúa um hvernig skilaboð íbúapöngs voru höfð til hliðsjónar og fylgja málum eftir eins og kostur er, t.d. með því að kynna áherslur íbúa fyrir ríkisvaldi og stofnunum eftir því sem við á.

Skipuð var verkefnisstjórn í verkefninu um framtíð Raufarhafnar sumarið 2012 sem í sátu fulltrúar Byggðastofnunar, Háskólans á Akureyri, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Norðurþings og íbúa á Raufarhöfn. Þetta verkefni hefur nú þegar skilað umtalsverðum árangri við að virkja heimamenn og miklar væntingar eru gerðar til þess að það skili meiri árangri en fyrri tilraunir til að nálgast vanda Raufarhafnar að ofan og utan. Á sama hátt og á Raufarhöfn hafa verið skipaðar verkefnisstjórnir fyrir hina staðina.

Svæðin fjögur eru um margt lík, en einnig ólík. Þau eiga það sameiginlegt að á síðustu árum hefur verið mikil fólksfækkun, ekki síst í yngri aldurshópum, sem þýðir fá börn á skólaaldri og hækkandi meðalaldur. Allir þessir staðir eru á svokölluðum köldum svæðum og þrátt fyrir fækkun íbúa er skortur á húsnæði, sérstaklega íbúðarhúsnæði á leigumarkaði.

Ástæðurnar fyrir þessari þróun, aðstæður og mögulegar lausnir eru hins vegar ólíkar og er verkefnið lagað að hverjum stað fyrir sig. Raufarhöfn og Bíldudalur eru sjávarþorp með um 170 íbúa. Báðir staðirnir eru hluti af landstóru sveitarfélagi með nokkra þéttbýlisstaði. Raufarhöfn er staðsett lengra frá stjórnsýslu en Bíldudalur. Þar byggir samfélagið á sjávarútvegi og hefur lengi gert, meðan mikilvægi sjávarútvegs hefur minnkað á Bíldudal þar sem Kalkþörungaverksmiðjan er nú stærsti vinnustaður-

inn. Samfélagið á Bíldudal horfir fram á miklar breytingar í tengslum við áform um stóraukið laxeldi á svæðinu. Engu að síður hefur Bíldudalur glímt við mikla fækkun íbúa og skekka aldursdreifingu, ekki síður en Raufarhöfn. Bæði Breiðdalshreppur og Skaftárhreppur eru sveitarfélög með einn þéttbýliskjarna og því þótti rétt að hafa allt sveitarfélagið undir, en ekki aðeins þorpinn. Atvinnulíf á Breiðdalsvík byggði á sjávarútvegi en það hefur breyst og landbúnaður, ferðaþjónusta og önnur þjónusta eru helstu atvinnugreinar sveitarfélagsins. Íbúafjöldi um síðustu áramót var 187 og bjuggu 134 þeirra í þorpinu. Skaftárhreppur er landstórt sveitarfélag og þar eru landbúnaður og ferðaþjónusta aðal atvinnugreinar. Kirkjubæjarklaustur er þorp inni í landi og byggir á þjónustu við nærumhverfið og á ferðaþjónustu. Mikil fólksfækkun hefur orðið á svæðinu en vandinn felst þó ekki síður í skekktri aldursdreifingu. Um síðustu áramót voru 452 íbúar í hreppnum og bjuggu 126 þeirra á Kirkjubæjarklaustri.

Byggðastofnun stefnir að því að nýta reynsluna af Raufarhafnarverkefninu á fleiri stöðum á landinu í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir á viðkomandi svæðum, en talsverður áhugi er á verkefninu bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Þegar hafa verið veittar 100 m.kr. á fjárlögum til þessa verkefnis og verið er að móta það til framtíðar þannig að það geti orðið verkfæri eða viðvarandi áætlun til að taka á alvarlegum vanda einstakra byggðarlaga, vegna íbúapróunar og/eða vanda í atvinnulífi.

Erlent samstarf

Þróunarsvið tekur þátt í ýmsu erlendu samstarfi. Starfsmenn þróunarsviðs hafa umsjón með tveim erlendum verkefnum á sviði byggðamála hér á landi, þ.e. NORA Norrænu Atlantssamstarfi og NPP Norðurslóðaaætlun ESB. Þá er starfsmaður þróunarsviðs fulltrúi í stjórnarnefnd ESPON. Loks er starfsmaður þróunarsviðs fulltrúi Íslands í stjórn Nordregio sem er norræn fræðastofnun í skipulags- og byggðamálum sem starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.



ESPON

Árið 2013 var lokaár starfstímabils ESPON 2007-2013 og einkenndist af mörgum verkefnum og undirbúningi fyrir næsta starfstímabil, 2014-2020. Íslensk þátttaka hefur verið vaxandi í verkefnum sem ESPON styrkir. Einkum hefur Háskólinn á Akureyri átt velgengni að fagna í verkefnasamkeppni ESPON og átt aðild að fjórum stórum rannsóknaverkefnum á starfstímabilinu.

Árið 2013 lauk tveimur verkefnum með þátttöku íslenskra stofnana, Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri í báðum tilvikum. Annað verkefnið, KITCASP, *Key Indicators for Territorial Cohesion and Spatial Planning*, var mótað í samstarfi skipulagsstofnana í Skotlandi, Írlandi, Lettlandi, Spáni og Íslandi, þar sem Skipulagsstofnun var þátttakandi. Skipulagsstofnun og Byggingastofnun tóku þátt í íslenska verkhlutanum þar sem unnið var með kvarða eða vísa sem mikilvægir eru fyrir áætlanagerð eins og fram kemur í verkefnisskýrslunni sem sækja má á heimsíðu ESPON.¹ Ástæða er til að vekja athygli á þessum flokki verkefna þar sem ráðuneytum og stofnunum gefst tækifæri á að móta verkefni sem talin eru þeim mikilvæg, sækja liðsstyrk til áhugasamra stofnana í löndum Evrópu og fá síðan ESPON til að setja upp samkeppni rannsóknastofnana um að vinna verkið og tryggja farsælan vinnsluferil.

Hitt verkefnið var, SeGI, *Indicators and Perspectives for Services of General Interest in Territorial Cohesion and Development*. Íslenski verkhlutinn fjallar um almenna þjónustu á ýmsum sviðum, þróun hennar, ekki síst eftir bankahrunið, og aðgengi að henni. Greiningarsvæðið var Norðurland eystra en skírskotað til annarra landshluta og landsins í heild. Verkefnisskýrslur má sjá og sækja á heimasíðu ESPON.²

Háskólinn á Akureyri er starfstengiliður á Íslandi samkvæmt samningi hans og Byggingastofnunar. Samstarfsnet starfstengiliða á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum starfar

enn í verkefninu ENECON, *Evidence in a North European Context* og mun starfa fram á árið 2014. Samstarfsnetið gekkst fyrir stórráðstefnu 22.–23. ágúst 2013 á Akureyri undir heitinu *Climate Change in Northern Territories*. Forseti Íslands flutti aðalræðu ráðstefnunnar sem fékk góða alþjóðlega aðsókn og þótti takast vel. Um ráðstefnuna og ENECON má fræðast á heimasíðu Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri.³ Þar má líka finna upplýsingar um fjórða verkefnið, samstarf starfstengiliðanna í NORBA.

ESPON, (*European Observation Network on Territorial Development and Cohesion*), evrópskt samstarfsnet um rannsóknir á byggðapróun og aðlögun, er samstarfsáætlun allra aðildarlanda ESB, auk Noregs, Sviss, Liechtenstein og Íslands, 32 landa alls, eftir að Króatía fékk aðild að ESB. Utan ESPON eru þá Albanía og lönd sem áður tilheyrðu Júgóslavíu og Sovétríkjunum. ESPON hefur litla skrifstofu í Lúxemborg en samstarfsnetið er umfangsmikið og nær til á annað hundrað háskóla og rannsóknastofnana á ESPON-svæðinu.

Ísland hefur verið fullgildur aðili að ESPON á starfstímabilinu frá 2007 til 2013 með samningi iðnaðarráðuneytisins og Stórhertogadæmisins Lúxemborg, sem er ábyrgt fyrir rekstri ESPON. Ráðuneytið fól Byggingastofnun umsjón með áætluninni og stofnunin hefur haft fulltrúa í eftirlits- og stjórnunarnefnd ESPON (Monitoring Committee).

Mikilvægi aðildar Íslands að ESPON var talið felast í:

- að fylgjast með rannsókn- og stefnumótunarvinnu á sviði byggðamála í Evrópusambandinu,
- eflandi þátttöku íslenskra háskóla í hinum fjölbjóðlegu byggðarannsóknnum sem styrktar eru,
- áhrifum af því starfi á umræðu og stefnumótun í byggðamálum á Íslandi.

1 http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/kitcasp.html

2 http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_AppliedResearch/SeGI.htm

3 <http://www.rha.is/enecon>

Aðild Íslands að ESPON hefur svarað væntingum að því leyti að betur er fylgst með evrópskum rannsóknum á sviði byggðamála og íslenskar stofnanir hafa tekið þátt í rannsóknastarfi á þessu sviði. Upplýsingar um Ísland eru aðgengilegar í evrópskum gagnagrunni og birtast í rannsóknaskýrslum og á kortum í samantektarskýrslum ESPON. Fyrir Byggðastofnun og aðra þá sem starfa að stefnumótun og öðrum verkefnum á sviði byggðamála er nú fyrir hendi ómetanlegt tengslanet á þessum sviðum sem hægt er að sækja í upplýsingar og reynslu.

Tilgangur ESPON-áætlunarinnar er „að styðja stefnuþróun með tilliti til markmiðs um svæðistengda samkennd og samhæfða þróun á evrópsku landssvæði með því (1) að leggja til samanburðarhæfar upplýsingar, sannreynindir, greiningar og framtíðarsýnir til svæðistengdrar þróunar og (2) lýsa svæðistengdum auðlindum og sóknarfærum til þróunar fyrir byggðir og stærri svæði og bæta þannig samkeppnishæfni Evrópu, svæðasamstarf og sjálfbæra og jafna þróun.“ ESPON hafði €47 milljónir í rekstrarfé á starfstímabilinu sem svarar til um 7,7 milljarða íslenskra króna í október 2013, með 75% hluta framlag frá uppbyggingarsjóði ESB, ERDF, og 25% hlut með framlögum aðildarlanda. Framlög in mynda samkeppnis-sjóð, sem rekin er á svipuðum forsendum og rannsóknáætlanir sem samningar eru um við ESB, þar sem umsóknir keppa í gæðum um það fjármagn sem til ráðstöfunar er, en þó þannig að ESPON greiðir alla styrkfjárhæðina og mótframlags er ekki krafist.

Ákvarðanir um starfshætti og starfsfyrirkomulag ESPON 2014–2020 hafa ekki verið teknar, en horfur eru til þess að áætlunin muni starfa sem EGTC-félag sem má líkja við félagsform byggðasamлага á Íslandi. Ekki hefur því enn verið gengið frá aðild Íslands að ESPON næsta starfstímabil.

Í alþjóðavæddu samfélagi í samkeppni um aðstöðu, lífsskilyrði, fyrirtæki og fólk er mikilvægt að við stefnumótun sé tekið tillit til þróunar á öðrum svæðum og í öðrum löndum og fengur að faglega vel unnum upplýsingum sem

settar eru fram á handhægan hátt þannig að auðveldur samanburður fáiast. Markmið með ESPON-rannsóknum er að þær nýtist ráðuneytum og stofnunum ríkja, landhlutastjórnnum, sveitarfélögum og stofnunum ESB við stefnumótun í byggðamálum. Þetta á við um Ísland og með sóknaráætlunum landshluta og efldu stefnumótunarhlutverki landshlutasamtaka sveitarfélaga hefur þýðing ESPON-rannsókna vaxið til muna. Auk þessa markhóps er vitað að evrópskir skólar nota efni verkefna við kennslu og þá einkum vegna myndrænnar framsetningar. Samstarf hefur verið við Fjárfestingarbanka Evrópu og fjármálafyrirtæki munu nýta ESPON-verkefnaskýrslur við áhættugreiningu.

Fasteignamat og fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis

Þrátt fyrir að fasteignamat sambærilegra eigna sé miklum mun hærra á höfuðborgarsvæðinu og í stærsta þéttbýli utan þess en á minni þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni, svo ekki sé talað um íbúðarhúsnæði í sveitum, eru álögð fasteignagjöld hærrí í krónum talið á minni þéttbýlisstöðunum. Ástæðan er sú að sveitarstjórnir á þeim stöðum nota hærrí álagningarprósentu.

Byggðastofnun hefur um nokkurra ára bil fengið Þjóðskrá til að reikna út fasteignamat og fasteignagjöld á sömu eignina á mismunandi stöðum á landinu. Upplýsingarnar eru sýndar á mynd bls. 18 en nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Hagvöxtur landshluta

Á árinu 2013 kom út skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Byggðastofnunar, Hagvöxtur landshluta 2007–2011. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum, en skýrsluna í heild er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar.

Frá 2007 til 2011 dróst framleiðsla saman á þremur svæðum hér á landi, Austurlandi, Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Á þessum svæðum var hagvöxtur líka hraðastur á þensluárunum fram til 2007. Kárahnjúka-virkjun og smíði álvers við Reyðarfjörð eru



meginástæða vaxtar og síðar samdráttar á Austurlandi. Vöxtur og fall bankanna og samdráttur í byggingariðnaði skýra að mestu leyti breytingar í framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu, en hin mikla sveifla sem orðið hefur í efnahagsumsvifum á Suðurnesjum er meira rannsóknarefni. Í öðrum landshlutum breyttist framleiðsla lítið frá „góðærinu“ árið 2007 til ársins 2011.


Mest hjaðnaði framleiðsla á Austurlandi frá 2007 til 2011, eða um rúman fimmtung. Það kemur ekki á óvart, því að þar lauk miklum framkvæmdum. Næstmest minnkaði framleiðsla á Suðurnesjum á þessum árum, eða um 13%. Þar munar mest um samdrátt í byggingarstarfsemi, en mjög mikið var byggt í Reykjanesbæ á þensluskeiðinu. Þriðji mesti samdrátturinn varð í höfuðborginni og næsta nágrenni hennar. Þar skrátt framleiðsla saman um 8% frá 2007 til 2011. Samdráttur á höfuðborgarsvæðinu má skýra að hálfu leyti með falli bankanna. Fjármálafyrirtæki voru umsvifamikil í Reykjavík og nágrenni á þensluárunum, en þau drógu saman seglin eftir fjárhagsáfall. Hinn

hellingurinn af þeim afturkipp sem varð á höfuðborgarsvæðinu frá 2007 til 2011 á rót í ládeyðu í byggingarstarfsemi. Unnið var að miklu kappi við að smíða hús í Reykjavík og nágrenni fram á árið 2008, en þá hrundi fasteignaverð og húsbyggingar stöðvuðust því sem næst.

Utan svæðanna þriggja, sem hér hefur verið rætt um breyttist framleiðsla lítið frá 2007 til 2011. Á Norðurlandi, Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum varð hvorki kreppa né samdráttur eftir 2007, nema þá í mjög stuttan tíma.

Í skýrslunni er farið yfir hvernig hagvöxturinn skiptist niður á einstaka landshluta eftir árum, atvinnugreinum og gerð grein fyrir breytingum á framleiðslu á mann eftir landssvæðum. Framleiðsla á mann var mest á Austurlandi en minnst á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum. Helstu ástæður breytinga í hverjum landshluta fyrir sig eru tilgreindar. Þá er sérstakur kafli í skýrslunni sem fjallar um það hversu áreiðanlegar tölurnar eru. Í skýrslunni er jafnframt farið yfir þróun heildarlaunagreiðslna á hverju landsvæði á tímabilinu.

Fasteignagjöld á sams konar fasteign á nokkrum þéttbýlisstöðum árið 2013 (í þús. króna)



Heimild: Þjóðskrá

Landstólpinn

Á ársfundi Byggðastofnunar árið 2011 var í fyrsta sinn veitt viðurkenning með heitinu „Landstólpinn. Samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar“. Nafnið Landstólpinn er fengið úr kvæði Jónasar Hallgrímssonar, Alþing hið nýja. Viðurkenningin er hvatning og eins konar bjartsýnisverðlaun, því hugmynd að baki er að efla skapandi hugsun og bjartsýni. Viðurkenningin skal veitt einhverjum þeim sem hefur vakið jákvæða athygli á landsbyggðinni með verkefni, starfsemi, umfjöllun á opinberum vettvangi eða með öðru móti. Viðkomandi gæti bæði hafa vakið athygli á byggðamálum, landsbyggðinni í heild, eða einhverju tilteknu byggðarlagi og þannig aukið veg viðkomandi samfélags. Um getur verið að ræða einstakling, fyrirtæki, stofnun eða sveitarfélag.

Sá sem viðurkenninguna hlýtur er afhentur listmunur hannaður af lista- eða handverksfólki. Listmunurinn árið 2013 var hannaður af leirlistakonunni Grétu Jósefsdóttur á Litla-Ósi í Húnaþingi vestra. Gréta hefur rekið Leirhús Grétu, gallerí og vinnustofu í 12 ár. Hún hefur sótt námskeið innanlands og utan.

Ábendingar um handhafa Landstólpans 2013 bárust víðs vegar að af landinu og alls voru 27 aðilar tilnefndir. Niðurstaða dómnefndar varð sú að veita Þórði Tómassyni safnverði og fræðimanni á Skógum undir Eyjafjöllum Landstólpann árið 2013.

Þórður Tómasson hefur byggt upp stærsta byggðasafn á Íslandi sem dregur að sér fjölda ferðamanna árlega og fleiri en nokkurt annað safn. Þórður hefur verið óþreytandi við björgun íslensks menningararfs á starfstíma sínum. Hann tekur á móti ferðamönnum á persónulegan hátt, spilar á orgelið og hrífur fólk með sér með frásögnum sínum. Hann hefur verið ötull í útgáfumálum, skrifað um þjóðhætti og um minja- og safnamál. Hann var hvatamaður að fornleifarannsóknum, t.d. á Stóru-Borg. Safnið á Skógum er einstakt á landsvísu. Þar er byggðasafn, gamli bærin sem er partur af byggðasafninu, samgönguminjasafn og kirkja sem Þórður lét reisa á staðnum.



Frá afhendingu Landstólpans 2013.

Landupplýsingar

Byggðastofnun rak um árabíl gagnabanka sem gekk undir nafninu Byggðabrunnur en hann hefur ekki verið uppfærður í meira en áratug. Nú hefur verið ákveðið að byggja þennan gagnagrunn upp frá grunni, en með breyttu sniði. Stofnunin réð á árinu 2013 sérfræðing á sviði landupplýsinga sem vinnur að uppsetningu gagnagrunnsins og er eitt af meginmarkmiðum þeirrar vinnu að veita aðgang að gögnum um vefgátt. Stefnt er að því að opna fyrir gagnaadgang síðla árs 2014 og þá fyrst sinn einkum með lýðfræðilegum upplýsingum. Síðar er stefnt að því að afla gagna á öðrum sviðum svo sem um atvinnuskiptingu og fleira.

NORA, Norræna Atlantssamstarfið

Norræna Atlantssamstarfið (Nordisk Atlantssamarbejde - NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa NORA er í Þórshöfn í Færeyjum og eru landsskrifstofur í hverju aðildarlandanna. Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Ísland á þrjá fulltrúa í nefndinni, en atvinnuvega- og nýsköpun-



arráðuneytið á fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Aðildarlöndin skiptast á um formennsku árlega og tóku Grænendingar við formennsku af Færeyingum á ársfundi NORA 2013, sem haldinn var í Þórshöfn í Færeyjum.

Stærstur hluti tekna NORA á árinu 2013 kom frá Norrænu ráðherranefndinni eða rúma 6,8 millj. d.kr. Aðildarlöndin greiða árlega 1,7 millj. d.kr., en þar af greiðir Ísland 500 þúsund d.kr. Að auki fær NORA lítils háttar framlag frá færeysku landsstjórninni og frá Vestnorden sjóðnum.

NORA leggur áherslu á samstarf innan svæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, sem og á nýsköpun og sjálfbæra þróun. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi á milli landanna. Það er gert með því að styrkja nýsköpun á sviði sjávarútvegs og auðlinda hafsins, þróun atvinnutækifæra á sviði ferðaþjónustu, landbúnaðar og orkumála og verkefni á sviði upplýsingatækni, fjarskipta, samgangna og flutninga m.a. með það að markmiði að sigrast á fjarlægðum. Samstarfsverkefni sem NORA hefur styrkt hafa skilað góðum árangri.

Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári og verkefni lengst fengið styrki í þrjú ár. Styrkfjárhæð getur ekki numið meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða og að lágmarki milli tveggja landa. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í mars og október. Á árinu 2013 bárust 73 umsóknir og var úthlutað rúmum 5,5 millj. d.kr. til 12 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 11 þeirra. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er mjög góð og hefur á undanförunum árum verið á bilinu 70-90%. Á heimasíðu NORA www.nora.fo er að finna yfirlit yfir ný og eldri NORA-verkefni.

Undanfarin ár hefur NORA lagt áherslu á að styrkja stöðu sína innan norræns samstarfs. NORA leggur einnig áherslu á að styrkja tengsl við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada, m.a. í gegnum ýmis samstarfsverkefni. Er þetta í samræmi við stefnu og óskir Nor-

rænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs.

NORA hefur á undanförunum árum unnið að auknum sýnileika starfsins, m.a. með upplýsingum á internetinu og heldur í því skyni úti facebooksíðu svo dæmi séu nefnd. Árið 2013 var opnuð upplýsingasíða sem er tengd heimasíðu NORA, sem kallast „NORA Region Trends“. Þar eru birtar fréttir og margvíslegar tölfræðilegar upplýsingar um svæðið.

Í nóvember 2013 var svæðaráðstefna NORA haldin í Kaupmannahöfn og var umfjöllunar-efnið fjölmiðlar á norðurskautssvæðinu og hvernig fjallað er um svæðið í fjölmiðlum. Í tengslum við ráðstefnuna var birt ný yfirlýsing og tillaga hugmyndasmiðju sem sett var upp í kjölfar svæðagreiningar OECD á NORA-svæðinu árið 2011. Lagði hugmyndasmiðjan til að stofnuð yrði fréttastofa í samstarfi við fréttamiðla á NORA-svæðinu. Á árinu var einnig unnið að því að koma á fót þverfaglegu háskólanámi í NORA-löndunum, í samræmi við tillögu hugmyndasmiðjunnar frá árinu 2012.

Norðurslóðaáætlun 2007-2013 (Northern Periphery Programme)

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunar 2007-2013 er að efla atvinnu- efnahags- og félagslega samvinnu svæða og landa á norðurslóðum með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Áherslur áætlunarinnar eru á eflingu nýsköpunar og samkeppnishæfni svæða, bætt aðgengi, sjálfbæra þróun auðlinda náttúru og samfélags. Miðlun þekkingar og reynslu innan svæðisins er talin mikilvæg leið til að yfirvinna hindranir sem felast í miklum fjarlægðum og strjálbýli. Reynt er að koma í veg fyrir að landamæri þjóðríkja séu hindrun í samstarfi og framþróun byggða og atvinnulífs með það að markmiði að tækifæri og styrkleikar svæðanna fái notið sín sem best.

Þátttökulönd og starfssvæði áætlunarinnar má sjá á kortinu hér til hliðar, en nákvæmari skilgreiningu svæða er að finna á vef Byggða- stofnunar.

Ísland var virkur þátttakandi á áætlunar-tímabilinu en í lok starfstímans voru Íslendingar þátttakendur í 22 aðalverkefnum af 47. Í 16 verkefnum voru íslenskir þátttakendur tveir eða fleiri.

Á árinu 2013 samþykkti stjórn Norðurslóða-áætlunarinnar 19 ný forverkefni og af þeim taka íslenskir aðilar þátt í átta og leiða í þremur þeirra. Stjórn NPP veitti að þessu sinni forverkefnisstyrki að heildarupphæð 48 milljónir íslenskra króna og eru styrkir veittir til allt að 60% af heildarkostnaði. Íslenskir aðilar taka þátt í eftirfarandi forverkefnum:

- **Smart Labels:** Samstarfsverkefni Norður-Írlands, Finnlands og Íslands um þróun og hagnýtingu snjallstrikamiða sem tryggir rekjanleika matvæla frá framleiðanda til neytanda. Íslensku þátttakendurnir eru Háskóli Íslands sem leiðir verkefnið og fyrirtækið Menja ehf.
- **Lifewell:** Samstarfsverkefni íslenskra, norskra og rússneskra aðila um þróun og bestun afurða við flokkun, meðhöndlun og flutning á lifandi krabbadýrum til tryggja ferskleika og gæði. Íslenski þátttakandinn er Þekkingarsetrið í Vestmannaeyjum.
- **Urchins:** Samstarfsverkefni íslenskra, norskra og skoskra aðila um þróun nýrra aðferða við veiðar og nýtingu ígulkeru. Íslensku þátttakendurnir eru Matís og Þóris-hólmi í Stykkishólmi.
- **Horticulture:** Samstarfsverkefni Noregs, Færeyja, Grænlands og Íslands sem felst í því að rannsaka skilyrði og fýsileika ræktunar berja á norðurslóðum. Landbúnaðarháskóli Íslands og Þróunarfélag Austurlands taka þátt í verkefninu.
- **Cereal:** Samstarfsverkefni Íslands, Skotlands, Færeyja og Kanada um ræktun korns til drykkja- og matvælaframleiðslu á norðurslóðum í samstarfi við garðyrkju-bændur. Íslensku þátttakendurnir eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Matís sem leiðir verkefnið.
- **BofRA:** Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands og Írlands um forathugun á stöðu og




Heimild: NPP

möguleikum til líforkuframleiðslu í landbúnaðarhéruðum, með áherslu á dreifðar byggðir, þar sem bú eru smærri og dreifðari. Landbúnaðarháskóli Íslands leiðir verkefnið.

- **Creative momentum:** Samstarfsverkefni Írlands, Norður-Írlands, Skotlands, Finnlands og Íslands um eflingu skapandi greina og menningarstarfs. Íslenski þátttakandinn er Sveitarfélagið Hornafjörður.
- **NOLICE:** Samstarf Færeyja, Noregs og Íslands um þróun á nýrri umhverfissvænni og náttúrulegri aðferð við aflúsun laxa. Háskólinn á Hólum og Fjarðarlax á Táknafirði taka þátt í verkefninu.

Tilgangur forverkefna er að stuðla að gerð sterkra aðalverkefna og í nóvember síðastliðnum var haldið námskeið á Íslandi fyrir verkefnisstjóra og samstarfsaðila sem hlutu forverkefnisstyrki í júní 2013. Þátttakendur voru

Myndin sýnir frá hvaða landshluta þátttakendur eru sem tóku þátt í Norðurslóðaverkefnum á tímabilinu 2007-2013.



Heimild: Byggingastofnun

rúmlega 100 frá öllum samstarfslöndunum auk aðila frá Kanada og Rússlandi.

Gert er ráð fyrir að fyrsti umsóknarfestur nýrrar Norðurslóðaáætlunar Northern Periphery and Arctic Programme 2014-2020 (NPA) verði í byrjun september 2014.

Megináherslur áætlunarinnar eru:

- að nýta nýsköpun til að efla samkeppnishæfni samfélaga,
- að hvetja til frumkvöðlastarfs,
- að hvetja til orkusparnaðar og notkunar endurnýjanlegrar orku,
- að vernda menningararfleifð og koma henni á framfæri.

Orkukostnaður heimila

Það hefur lengi verið ljóst að orkukostnaður til sveita hefur verið mun hærri en í þéttbýli. Á síðustu árum hefur það hins vegar gerst að kostnaður við húsahtun hefur hækkað meira á höf-


uðborgarsvæðinu en í þéttbýli úti á landi þar sem sveitarfélögin sjálf eiga hitaveitur.

Byggðastofnun hefur fengið Orkustofnun til að reikna út kostnað heimila vegna rafmagns og hita á nokkrum stöðum á landinu. Upplýsingarnar eru sýndar á mynd hér að neðan og frekari upplýsingar eru á heimasíðu stofnunarinnar.

Samfélagsleg áhrif af efnahagshruninu

Í lok árs 2010 samþykkti fjárlaganefnd Alþingis að fara þess á leit við Byggðastofnun að stofnunin hefði umsjón með að meta samfélagsleg áhrif af efnahagshruninu og framkvæmd efnahagsáætlunarinnar eins og hún birtist í fjárlögum árána 2009, 2010 og 2011. Í framhaldi viðræðna á milli aðila þar sem verkefnið var frekar skilgreint var ákveðið að semja við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um ákveðna þætti verkefnisins. Skýrsla Hagfræðistofnunar

Orkukostnaður heimila á nokkrum þéttbýlisstöðum og nokkrum stöðum í dreifbýli (í þús. króna).



leit síðan dagsins ljós í apríl 2013. Hér á eftir fara helstu niðurstöður skýrslunnar.

Þess ber að geta að í sumum tilvikum voru gögn nokkuð óáreiðanleg og því ber að taka niðurstöðum með fyrirvara. Meginniðurstöður skýrslunnar voru að þegar samfélagið í heild er skoðað hefur ársverkum hjá ríkinu fjölgað um tæplega 200, milli árána 2007 til 2011 en fjárheimildir dregist saman um tæpa 34 milljarða án vaxtagjalda. Á heildina litið er því ljóst að niðurskurðurinn hefur frekar bitnað á öðrum þáttum en fjölda starfsmanna. Niðurskurðurinn hefur til dæmis komið fram í lækun launa og skertri þjónustu. Hjá einstökum stofnunum getur samdrátturinn þó verið umtalsverður. Mestur niðurskurður í ársverkum hefur verið hjá stofnunum á vegum velferðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Aftur á móti hefur starfsmönnum fjölgað mest í stofnunum menntamálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Í krónum talið var mest skorið niður hjá stofnunum sem heyra undir innanríkisráðuneytið, en mest hækkuðu vaxtagjöld ríkissjóðs á tímabilinu.

Áhrif efnahagshrunsins geta komið mismunandi fram hjá kynjunum. Ársverkum í opinberum störfum karla hefur fjölgað heldur meira, en ársverkum kvenna frá 2007 til 2011. Efnahagshrunið hefur haft mismunandi áhrif á einstaka landshluta. Ársverkum hefur fækkað mest á Norðurlandi eystra og næst mest á Austurlandi, en ársverkum í opinberum störfum fjölgaði mest á höfuðborgarsvæðinu. Þegar fjöldi íbúa hvers svæðis er tekinn með í útreikningana sést að starfsmönnum á íbúa fjölgaði mest á Suðurlandi og því næst á Suðurnesjum. Mest fækkaði ársverkum á íbúa á Norðurlandi vestra. Athyglisvert er að þau svæði sem ekki hafa orðið fyrir niðurskurði hvað varðar ársverkfjölda eru höfuðborgarsvæðið, og landshlutarnir í kring, það er Suðurnes og Suðurland. Eru þetta þau landsvæði sem hafa verið best sett hvað varðar íbúapróun. Aftur á móti hefur til að mynda Norðurland vestra lent í miklum niðurskurði en

sá landshluti átti undir högg að sækja hvað varðar íbúapróun fyrir bankahrun. Skýrsluna í heild er að finna á heimasíðu Bygðastofnunar.

Sóknaráætlanir landshluta

Við upphaf árs 2013 var vinna við gerð sóknaráætlana í algleymingi í öllum landshlutum. Fjárlög kváðu á um að 400 m.kr. yrði varið í verkefni sóknaráætlana og ríkisstjórnin hafði samþykkt tillögu um skiptingu þeirra fjármuna milli landshlutanna átta. Hver landshluti fékk þannig á bilinu 35 til 76 m.kr. sem skyldi forgangsraðað í samráði heimamanna á hverjum stað.

Vinnan hófst haustið 2012 og um miðjan febrúar 2013 lágu sóknaráætlanir fyrir og var skilað til stýrinets Stjórnarráðsins. Í framhaldinu, eða þann 22. mars, undirrituðu fjármálaráðherra og landshlutasamtök sveitarfélaga samninga um framkvæmd þeirra við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík. Sóknaráætlanir fela í sér nýja hugsun, vinnulag og skipulag í byggðamálum og mörkuðu samningarnir ákveðin tímamót varðandi úthlutun opinberra fjármuna til einstakra verkefna innan landshluta.

Í sóknaráætlunum voru settar fram stöðugreiningar, framtíðarsýn, stefna og megináherslur í hverjum landshluta sem og upplýsingar um þau verkefni sem heimamenn forgangsroðuðu fjármunum í. Að uppfylltum þremur skilyrðum höfðu landshlutarnir nokkuð frjálssar hendur með val á verkefnum. Skilyrðin voru að ekki væri um lögbundin verkefni að ræða, að þau væru í samræmi við opinber markmið, stefnur og áætlanir og að samráðs væri gætt heima í héraði við val þeirra.

Alls voru sóknaráætlanaverkefni 73 á landinu öllu eða á bilinu 6-16 í hverjum landshluta. Lægsta upphæðin til einstaks verkefnis var 600 þúsund kr. og hæsta upphæðin var 17,3 m.kr. Með mótframlagi heimamanna var varið alls um 620 m.kr. til verkefnanna. Í september 2013 skiluðu landshlutasamtökin greinargerðum til stýrinetsins þar sem m.a.





kom fram hvernig fjármunum hafi verið varið og upplýsingar um framvindu verkefna. Lokauppgjör er áætlað á vormánuðum 2014.

Hlutverk stýrinets Stjórnarráðsins í þessu ferli var að aðstoða landshlutana og staðfesta að settum skilyrðum væri framfylgt. Stýrinetið hafði ekki aðkomu að úthlutun til einstakra verkefna, enda er markmiðið að færa aukin völd og ábyrgð til landshlutanna við forgangsröðun og skiptingu opinbers fjár sem renna til verkefna á sviði byggða- og samfélagsþróunar. Árið 2013 voru verkefni tengd nýsköpun, atvinnu-, markaðs-, menningar- og menntamállum. Vonir standa til að aðrir þættir byggðamála falli í framhaldinu undir sambærilegt verklag.

Sóknaráætlanir landshluta er verkefni sem hófst árið 2011. Aðferðafræðin byggir á mikilli samvinnu þeirra sem að koma, þ.e. samvinnu ráðuneyta í gegnum stýrinet, samvinnu sveitarfélaga og helstu haghafa í landshlutum í gegnum landshlutasamtökin og samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Starfsmaður Bygðastofnunar heldur utan um verkefnið og er tengiliður milli stýrinetsins og landshlutasamtakanna. Um tilraunaverkefni er að ræða sem hefur þróast með tímanum. Segja má að árin 2013-2015 séu reynslutímabil þar sem verklagið er reynt og minni skref stigin en upphaflega stóð til. Er það gert til að allir sem hlut eiga að máli nái að þróa með sér ný vinnubrögð og aðlagast breyttu verklagi. Leiðarljósið er þó ávallt það sama. Það er að efla og styrkja landshlutana.

Svæðisbundin flutningsjöfnun

Bygðastofnun sér um svæðisbundna flutningsjöfnun samkvæmt lögum nr. 160/2011. Markmiðið er að styðja við framleiðsluþæfni og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.

Árið 2013 voru umsóknir 66 talsins og voru 58 þeirra samþykktar. Heildarfjárhæð styrkveitinga nam um 170 m.kr. 36 umsóknir voru vegna framleiðslu fiskafurða. Fjárhæð 10 hæstu styrkja nam samtals 103 m.kr. Þar sem framleiðsla fiskafurða var 49% og 60% fjárhæðarinnar var vegna framleiðslu á Norðurlandi eystra. Nánari upplýsingar um styrkina má sjá á meðfylgjandi kökuritum og á heimasíðu Bygðastofnunar.

Vaxtarsamningar

Vaxtarsamningar eru samningar milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins (áður iðnaðarráðuneytisins) og atvinnuþróunarfélaganna í landinu. Markmið samninganna er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins. Leiðir að þessu markmiði skulu m.a. vera að:

- efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins,
- þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum,
- fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vöru og þjónustu,
- stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi,
- nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum,
- laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Áhersla er lögð á uppbyggingu klasa og framgang rannsókna og þróunar á mismunandi sviðum eftir því hvar styrkleikar einstakra svæða liggja.


Vaxtarsamningar voru fyrir Suðurland, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Eyjafjörð, Norðausturland og Austurland en þeir runnu út í árslok 2013. Hlutverk Byggðastofnunar er að taka við og fara yfir árleg skilagögn samninganna. Stofnunin skilar greinargerð þar sem fram kemur hvort og með hvaða hætti einstakir liðir samningsins hafa verið framkvæmdir á næstliðnu ári og hvort stofnunin telji að skilyrði séu til útborgunar framlags til vaxtarsamninganna.

Annað


Þróunarsviðið á fjölbreytt samstarf við ýmsa aðila í atvinnuráðgjafar-, rannsókna- og nýsköpunarsamfélaginu. Skal þar fyrst nefna atvinnuþróunarfélögin, en einnig Impru, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Íslandsstofu, Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Hagstofu Íslands, Ferðamálastofu, Landmælingar, Rannsóknarsetur verslunarinnar, Skipulagsstofnun og raunar mun fleiri aðila. Þá tekur þróunarsviðið þátt í margvíslegum starfshópum og nefndum, samningu skýrsla og starfsmenn taka þátt í umræðum um byggðamál sé eftir því leitað. Veittar eru umsagnir um þingmál og umhverfismat.

Greiddir flutningsjöfnunarstyrkir 169,8 m. kr.

Fjárhæð greiddra styrkja
% eftir landshlutum.



Fjárhæð greiddra styrkja
% eftir vöruflokkum.



FJÁRHAGUR OG REKSTUR



Á árinu 2013 var hagnaður af rekstri Byggðastofnunar samkvæmt rekstrarreikningi, sem nam 189 m.kr. Skýrist þetta fyrst og fremst með því að 5. júní 2013 staðfesti Hæstiréttur Íslands úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Byggðastofnunar gegn Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., þar sem krafa Byggðastofnunar að fjárhæð 271,3 milljónir króna var viðurkennd sem forgangskrafa. Höfðu 238 milljónir króna af þeirri kröfu áður verið afskrifaðar.

Hreinar vaxtatekjur voru 437 m.kr. miðað við 594 m.kr. árið 2012. Rekstrartekjur voru 997 m.kr. og rekstrargjöld 757 m.kr. Framlög í afskriftarreikning útlána og matsbreyting hlutafjár námu 51 m.kr. Hagnaður ársins nam því 189 m.kr. miðað við 153 m.kr. tap árið áður. Samkvæmt lögum skal Byggðastofnun njóta framlags úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni og nam það 366 m.kr. á árinu 2013.

Rekstrargjöldin skiptust þannig að 272 m.kr. voru vegna lánaumsýslu og var stærsti einstaki liður þar framlög í afskriftarreikning útlána, 51 m.kr. Sérgreindur kostnaður vegna þróunarstarfsemi var 536 m.kr. og voru stærstu liðirnir framlög til atvinnuráðgjafa, 172 m.kr. og styrkir vegna jöfnunar flutningskostnaðar 170 m.kr.

Vergur rekstrarkostnaður Byggðastofnunar árið 2013 var 373 m.kr. og hafði hækkað um 61 m.kr. frá fyrra ári. Kostnaðarþátttaka annarra nam um 11 m.kr. Hreinn rekstrarkostnaður stofnunarinnar var því 362 m.kr., en var um 309 m.kr. árið áður.

Niðurstaða efnahagsreiknings Byggðastofnunar var 14.872 m.kr. um síðustu áramót, en nam 16.738 m.kr. í árslok 2012 og hafði því lækkað um 1.866 m.kr. á milli ára.

Alþingi samþykkti í fjárlögum 2012 heimild til að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að

2.000 milljónir króna. Af því framlagi voru 1.750 milljónir króna greiddar til stofnunarinnar í janúar 2012 og eftirstöðvarnar í byrjun janúar 2013. Eigið fé í árslok var 2.302 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og hækkaði um 189 m.kr. á árinu. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármála-fyrirtæki var 16,0%.

Heildarútlán að frádregnum afskriftarreikningi útlána námu 11.570 m.kr. í árslok 2013 en voru 13.422 m.kr. í árslok 2012 og höfðu lækkað um 1.852 m.kr. Í árslok 2013 voru vanskil 5,2% af útlánnum, sem er órlítill lækkun frá fyrra ári. Virði innleysta eigna var 986 m.kr. um síðustu áramót, en var 856 m.kr. árið áður. Reynt er að meta eignir á raunhæfu söluverði. Um áramót voru 26 fasteignir í eigu stofnunarinnar, sem er fjölgun um þrjár fasteignir frá árinu 2012. Yfirlit yfir fasteignir stofnunarinnar eru í skýringu 11 í ársreikningnum. Nánari upplýsingar um hverja og eina eign eru á heimasíðu stofnunarinnar.

Framlög í afskriftarreikning útlána og matsbreyting hlutabréfa námu 51 m.kr. á árinu 2013 en voru 445 m.kr. á árinu 2012. Afskriftarreikningur útlána var 1.522 m.kr. í árslok, sem var 12,6% af heildarútlánnum. Samsvarandi hlutfall árið áður var 15,6% og stóð afskriftarreikningurinn þá í 2.317 m.kr. Endanleg útlánatöp ársins námu 630 m.kr. en voru 1.326 m.kr. árið 2012.

SÉRGREINDUR

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2013

	Lánaumsýsla þús. kr.	Próunarstarfsemi þús. kr.	Samtals þús. kr.
VAXTATEKJUR			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	134.363		134.363
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	864.004		864.004
	998.367		998.367
VAXTAGJÖLD			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	560.419		560.419
Önnur vaxtagjöld	583		583
	561.002		561.002
<i>Hreinar vaxtatekjur</i>	437.365		437.365
REKSTRARTEKJUR			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	53.277	312.223	365.500
Annað framlag ríkissjóðs	0	175.973	175.973
Gengismunur	-19.156	0	-19.156
Aðrar rekstrartekjur	18.886	18.642	37.528
<i>Hreinar rekstrartekjur</i>	490.372	506.838	997.210
REKSTRARGJÖLD			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa	0	172.200	172.200
Veittir styrkir v. jöfnunar flutningskostnaðar	0	169.775	169.775
Veittir aðrir styrkir	0	6.548	6.548
Laun og launatengd gjöld	112.636	121.746	234.383
Annar rekstrarkostnaður	77.032	62.141	139.173
Rekstur fullnustueigna	28.089	0	28.089
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	3.746	3.420	7.166
Framlög í afskriftarreikning útlána og matsbreyting hlutabréfa	50.960	0	50.960
	272.463	535.830	808.294
<i>Hagnaður (-tap) ársins</i>	217.909	-28.992	188.917

Lánskjör í árslok 2013

Verðtryggð lán vorum með 5,9% vöxtum.

Óverðtryggð lán voru með 3,5% álagi ofan á REIBOR.

- Ekki hafa verið veitt ný erlend lán frá miðju ári 2008. Álag á erlend lán var 4,5%.
- Lántökugjald er 1,8%.
- Lánstími er 5-20 ár.



ÁRSREIKNINGUR
BYGGÐASTOFNUNAR
2013



ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við gildandi lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim þá ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits stofnunarinnar, uppbyggingu og virkni þess. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2013, efnahag hennar 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkrókur 14. mars 2014

Endurskoðendaþjónustan ehf.

Sævar Þór Sigurgeirsson
Löggiltur endurskoðandi

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Löggiltur endurskoðandi

ÁRITUN OG SKÝRSLA STJÓRNAR OG STJÓRNENDA

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulagslögum.

Rekstur ársins 2013

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 188,9 milljónum króna á árinu 2013. Eigið fé í lok árs 2013 samkvæmt efnahagsreikningi var 2.302,4 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 16,00%. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki segja til um að eigið fé skuli að lágmarki vera 8% af áhættugrunni og uppfyllti stofnunin því ákvæði laga þar um í árslok 2013.

Alþingi samþykkti í fjárlögum 2012 heimild til að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 2.000 milljónir króna. Af því framlagi voru 1.750 milljónir króna greiddar til stofnunarinnar í janúar 2012 og eftirstöðvarnar í byrjun janúar 2013.

Hæstiréttur Íslands úrskurðaði 2. maí 2013, að lán sem Byggðastofnun veitti í erlendri mynt væri löglegt. Lánið var veitt Samvirki ehf. á Akureyri í febrúar 2008 og var í japönskum yenum. Hæstiréttur staðfestir þar með að Byggðastofnun hafi staðið rétt að lánveitingum í erlendum myntum. Rúmlega 60% af lánnum stofnunarinnar eru í erlendri mynt og dómur Hæstaréttar er fordæmisgefandi fyrir um 90% þeirra.

Þann 5. júní 2013 staðfesti Hæstiréttur Íslands (352/2013) úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Byggðastofnunar gegn Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., þar sem krafa Byggðastofnunar að fjárhæð 271,3 milljónir króna var viðurkennd sem forgangskrafa. Höfðu 238 milljónir króna af þeirri kröfu áður verið afskrifaðar.

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra var á árinu 2013 rekið dómsmál þar sem tekist var á um lög-mæti þess að skuldbreyta verðtryggðum lánnum í íslenskum krónum í lán í erlendum myntum með útgáfu viðauka. Dómur féll þar 29. nóvember 2013, þar sem fallist var á lög-mæti svo skuldbreyttra lána Byggðastofnunar og hefur dómnum ekki verið áfrýjað. Ekki hafa verið færð sérstök varúðarfram-lög vegna þessara mála. Nánari er getið um þessi mál í skýringu nr. 19 með ársreikningnum.

Áhættustýring

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar.

Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru rekstraráhætta, útlána-áhætta, greiðsluáhætta, viðskiptaáhætta, vaxtaáhætta og samþjöppunaráhætta. Gengisáhætta og uppgreiðslu- og endurfjármögnunaráhætta telst einnig til fjárhagslegrar áhættu stofnunarinnar. Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa allir ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar. Á árinu 2013 hefur verið unnið að öryggisstefnu sem byggir á staðli ISO/IEC 27001 um stjórnkerfi upplýsinga-öryggis og var hún staðfest af stjórn Byggðastofnunar á árinu.

ÁRITUN OG SKÝRSLA STJÓRNAR OG STJÓRNENDA

Stjórnunarhættir

Núverandi stjórn Byggðastofnunar var skipuð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra á ársfundi stofnunarinnar 4. apríl 2013 og gildir skipunartími hennar til 1. júlí 2014. Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siða-reglna fyrir starfsfólk og stjórn sem er hluti af „Handbók fyrir starfsmenn og stjórn“. Handbókin var fyrst samþykkt árið 2002 og má nálgast á heimasíðu Byggðastofnunar, byggdastofnun.is Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eign-umsýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar.

Yfirlýsing stjórnar og stjórnenda

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningskil lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Sauðárkróki 14. mars 2014

Þóroddur Bjarnason

Formaður stjórnar

Guðmundur R. Gíslason

Ólafía Jakobsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Matthildur Helgadóttir Jónudóttir

Ólöf Hallgrímsdóttir

Valdimar Hafsteinsson

Aðalsteinn Þorsteinsson

Forstjóri

Magnús Helgason

Forstöðumaður rekstrarsviðs

REKSTRARREIKNINGUR 2013

	Skýr.	2013	2012
VAXTATEKJUR			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	134.363	107.060
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	864.004	1.132.267
		998.367	1.239.328
VAXTAGJÖLD			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	560.419	644.600
Önnur vaxtagjöld	583	970
		561.002	645.570
<i>Hreinar vaxtatekjur</i>		437.365	593.757
REKSTRARTEKJUR			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	6	365.500	317.100
Annað framlag ríkissjóðs	6	175.973	(750)
Gengismunur	(19.156)	(155.484)
Aðrar rekstrartekjur	37.528	32.430
		559.846	193.296
<i>Hreinar rekstrartekjur</i>		997.211	787.054
REKSTRARGJÖLD			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa	172.200	164.700
Veittir styrkir v. jöfnunar flutningskostnaðar	169.775	0
Veittir aðrir styrkir	6.548	3.429
Laun og launatengd gjöld	3,4	234.383	194.480
Annar rekstrarkostnaður	139.173	118.227
Rekstur fullnustueigna	10	28.089	7.005
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	14	7.166	7.046
Framlög í afskriftarreikning útlána og matsbreyting hlutabréfa	2,12	50.960	444.940
		808.294	939.827
<i>Hagnaður (tap) ársins</i>		188.917	(152.773)

EFNAHAGSREIKNINGUR

	Skýr.	2013	2012
EIGNIR			
Sjóður og kröfur á lánastofnanir			
Bankainnstæður	7	<u>2.421.208</u>	<u>2.213.327</u>
Útlán			
Útlán í íslenskum krónum	8, 15	4.545.520	4.474.576
Útlán í erlendum myntum	8, 15	6.038.652	8.090.692
Fullnustueignir	9, 11	<u>986.320</u>	<u>856.281</u>
		<u>11.570.492</u>	<u>13.421.549</u>
Eignahlutir í félögum			
Hlutabréf	13	<u>809.599</u>	<u>763.001</u>
		<u>809.599</u>	<u>763.001</u>
Aðrar eignir			
Skuldunautar		14.190	281.514
Varanlegir rekstrarfjármunir	14	<u>56.818</u>	<u>58.587</u>
		<u>71.009</u>	<u>340.102</u>
Eignir samtals		<u>14.872.307</u>	<u>16.737.980</u>

31. DESEMBER 2013

	Skýr.	2013	2012
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
Lántökur			
Verðtryggðar verðbréfaútgáfur		5.591.645	5.236.796
Erlendar lántökur		6.866.776	9.312.893
	16	<u>12.458.421</u>	<u>14.549.688</u>
Aðrar skuldir			
Afskriftarreikningur vegna veittra ábyrgða	18	1.187	11.389
Óráðstöfuð framlög		51.696	35.361
Lánadrottinnar		58.565	28.019
		<u>111.448</u>	<u>74.769</u>
Skuldir samtals		<u>12.569.868</u>	<u>14.624.458</u>
Eigið fé	2, 17	<u>2.302.439</u>	<u>2.113.522</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>14.872.307</u>	<u>16.737.980</u>
Utan efnahagsreiknings			
Veittar ábyrgðir	18	22.552	216.398

SJÓÐSTREYMI 2013

	2013	2012
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður (tap) tímabilsins	188.917	(152.773)
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:</i>		
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa	215.481	444.939
Afskriftir rekstrarfjármuna	7.166	7.046
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(935)	0
Vextir, verðbætur og gengismunur	377.110	345.356
Ógreiddir styrkir	215	(5.692)
Handbært fé frá rekstri	787.953	638.876
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána	1.149.900	969.680
Veitt lán	(504.559)	(214.700)
Innleystar eignir	(81.572)	(4.679)
Hlutabréf	(95.605)	36.531
Rekstrarfjármunir	(4.462)	(10.477)
Greiddar ábyrgðarskuldbindingar	(156.627)	(161.698)
Skuldunautar	17.324	2.595
Fjárfestingarhreyfingar	324.400	617.252
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum	(1.201.139)	(4.388.721)
Nýjar lántökur	0	1.128.844
Framlag ríkissjóðs	250.000	1.750.000
Lánadrottnar	46.666	2.846
Fjármögnunarhreyfingar	(904.473)	(1.507.030)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	207.880	(250.903)
Handbært fé í ársbyrjun	2.213.327	2.464.230
Handbært fé í lok tímabils	2.421.208	2.213.327

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2014. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Gengi í árslok	31.12.2013	31.12.2012
EUR	158,94	170,27
USD	115,30	129,05
JPY	1,10	1,50
DKK	21,31	22,83

Vísitölur í lok tímabils:	01.01.2014	01.01.2013
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar	416,7	402,0

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

Eignarhlutir í félögum og hlutdeildarfélag

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarvirði að frádreginni virðisrýrnun. Hlutdeildarfélag eru félag sem stofnunin á a.m.k. 20% eignarhlut. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélagum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt hlutdeildaraðferð. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstur.

Útlán

Útlán stofnunarinnar eru flokkuð í útlán til viðskiptavina og fullnustueignir. Þau eru upphaflega metin á gangvirði eða kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi, sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánnum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreyms teljast bankainnstæður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

SKÝRINGAR

	2013	2012
3. Laun og launatengd gjöld		
Laun	176.568	158.610
Áfallið orlof	17.953	0
Lífeyrissjóðsframlög	21.456	19.416
Önnur launatengd gjöld	18.405	16.454
Laun og launatengd gjöld alls	<u>234.383</u>	<u>194.480</u>

Að meðaltali störfuðu 22 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf, sem er fjölgun um einn starfsmann frá fyrra ári. Í lok ársins voru 22 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heils dagsstöðugildi voru 21,8.

4. Þóknar til stjórnar og forstjóra

Laun til stjórnar Bygðastofnunar og forstjóra greinast þannig:

Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður	2.237	2.182
Ásta Dís Óladóttir	0	875
Bergsteinn Einarsson (varam.)	81	39
Guðmundur R. Gíslason	987	955
Guðrún Þóra Gunnarsd. (varam.) ..	0	40
Gunnar Svavarsson	102	955
Matthildur Helgadóttir Jónudóttir ..	987	80
Ólafía Jakobsdóttir	729	0
Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir	1.056	955
Rögnvaldur Ólafsson	987	160
Sigurborg Kr. Hannesdóttir	0	955
Steingerður Hreinsdóttir (varam.) ..	41	0
Valdimar Hafsteinsson	987	955
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri ..	14.151	13.632

Þóknar til stjórnar og forstjóra samtals

	<u>22.346</u>	<u>21.785</u>
--	---------------	---------------

5. Þóknar endurskoðenda

Þóknar endurskoðenda greinast þannig:

Endurskoðun	8.602	6.739
Önnur sérfræðiþjónusta/innri endurskoðun	3.334	5.765
Þóknar endurskoðenda samtals	<u>11.936</u>	<u>12.504</u>

6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

Almennur rekstur	147.900	144.400
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni ..	167.600	164.700
Vegna verkefnisins Brothættar byggðir	50.000	0
Sóknaráætlun landshluta	0	8.000
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum ..	<u>365.500</u>	<u>317.100</u>

	2013	2012
Framlag ríkissjóð v/eflingar atvinnulífs (egr. framlag) ..	0	(750)
Framlag ríkissjóðs v/jöfnunar flutningskostnaðar	175.973	0
Annað framlag ríkissjóðs samtals ..	<u>175.973</u>	<u>(750)</u>

Kostnaður Bygðastofnunar vegna verkefnisins „Brothættar byggðir“ nam 15.724 þúsund krónum á árinu 2013 og er færður á rekstrarreikning.

7. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

Bankainnstæður í íslenskum krónum	2.286.771	2.170.860
Bankainnstæður í erlendri mynt	134.437	42.467
Sjóður og kröfur á lánastofnanir samtals	<u>2.421.208</u>	<u>2.213.327</u>

8. Útlán til viðskiptavina

Sundurliðað eftir lántakendum:

Bæjar- og sveitarfélög	0,19%	0,17%
Einstaklingar	8,76%	8,11%

Sundurliðað eftir atvinnugreinum:

Þjónustustarfsemi	47,96%	45,78%
Sjávarútvegur	25,05%	27,57%
Iðnaður	15,24%	13,80%
Landbúnaður	2,69%	4,47%
Fjármálastofnanir	0,12%	0,10%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

Gjaldkræfar kröfur	553.754	617.271
Allt að 3 mánuðum	187.467	227.428
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	833.474	953.007
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	3.069.043	3.728.888
Yfir 5 ár	5.940.433	7.038.674
	<u>10.584.172</u>	<u>12.565.268</u>

9. Fullnustueignir

Fasteignir	986.320	826.281
Skip	0	30.000
	<u>986.320</u>	<u>856.281</u>

10. Rekstur fullnustueigna

Leigutekjur	68.030	50.452
Rekstrarkostnaður	96.119	57.458
	<u>(28.089)</u>	<u>(7.005)</u>

11. Fullnustueignir

	F. mat	Stærð m ²
Austurvegur 3, Seyðisfirði	16.070	379,9
Eyrrarland 1, Hvammstanga	5.636	159,2
Gistiheimilið lðufell, Laugarási	69.150	2.003,1
Græningarður, Ísafirði	53.960	1.366,7
Hafnarbraut 8, Akranesi	52.960	808,7
Hafnarbraut 7, 11 & 15, Dalvík	60.940	1.478,5
Héðinsbraut 4, Húsavík	44.210	246,8
Hlíðarvegur 15, Ísafirði	8.760	94,1
Kirkjuvegur 3, Ólafsfirði	3.650	59,2
Langanesvegur 1, Þórshöfn	16.560	471,9
Nesbraut 7, Reyðarfirði	38.600	722,4
Pálsbergsgata 3 & 5, Ólafsfirði	30.840	1.851,4
Sandhorn, Hrísey	18.510	832,7
Seljavogur 10, Höfnum	22.860	231,8
Sindragata 27, Ísafirði	23.653	659,6
Skúlagata 17, Borgarnesi	47.930	650,6
Snartarstaðir lóð 154334, Norðurþ.	426	14,7
Snartarstaðir lóð 178032, Norðurþ.	336	6,4
Sólvellir 23, Breiðdalsvík	66.119	2.081,6
Steig, Mýrdalshreppi	50.138	1.641,2
Strandarvegur 29-33, 29R, Seyðisf.	9.650	601,0
Strandgata 37, Tálknafirði	9.910	456,1
Valgerðarstaðir 4, Fljótsdalshéraði	97.250	5.148,3
Vallarás 7-9, Borgarnesi	192.685	1.919,1
Vallargerði 15, Reyðarfirði	24.700	212,8
Vesturgata 14, Akranesi	13.380	246,8
	<u>978.882</u>	<u>24.344,5</u>

Fullnustueignir eru bókfærðar í ársreikningi á 986.320 þús-
undir króna.

12. Afskriftarreikningur útlána

	2013	2012
Hreyfingar í þúsundum króna:		
Afskriftarreikningur í ársbyrjun	2.317.220	3.273.256
Framlag í afskriftarreikning á árinu	72.679	369.460
Innheimt peningamarkaðsinnlán	(238.086)	0
Endanlega töpuð útlán	(630.077)	(1.325.496)
Staða afskriftarreiknings í lok tímabils	<u>1.521.737</u>	<u>2.317.220</u>
Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánum	12,57%	15,57%
Framlag á árinu	72.679	369.460
Innheimt peningamarkaðsinnlán	(238.086)	0
Framlag vegna ábyrgða	146.424	(6.264)
Framlag vegna viðskiptakrafna	4.000	0
Breytingar á mati hlutabréfaeignar	75.842	81.744
Innkomin áður afskrifuð lán	(9.900)	0
Framlög í afskriftarreiningu skv. rekstrarreikningi	<u>50.960</u>	<u>444.940</u>

13. Hlutafjáreign

Í árslok átti Bygðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast
þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

Fasteignarekstur	Eignarhluti	Nafnverð
Ámundakinn ehf.	13,72%	21.000
Ásgarður hf.	13,10%	15.000
Dalagisting ehf.	12,11%	8.000
Fasteignafélagið Borg ehf.	29,78%	18.825
Fasteignafélagið Hvammur ehf.	24,86%	16.926
Fasteignafélagið Kirkjuból ehf.	30,35%	7.124
Grand hótél Mývatn ehf.	7,22%	10.000
Hesthólar ehf.	70,99%	14.672
Hótél Hellissandur hf.	24,98%	19.534
Hótél Norðurljós ehf.	46,40%	2.320
Hæðin á Höfðabraut ehf.	12,28%	2.000
Tröllasteinn ehf.	18,92%	7.000
Urtusteinn ehf.	8,45%	32.818
Fasteignarekstur samtals		<u>175.219</u>

Ferðapjónusta

Hótél Flúðir hf.	11,94%	3.109
Hótél Húsavík hf.	0,38%	136
Hótél Valaskjál hf.	18,80%	4.500
Hótél Varmahlíð hf.	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin Húsavík ehf.	19,70%	2.000
Nes-Listamiðstöð ehf.	41,67%	5.000
P/F Smyril-line	1,67%	44.440
Snorri Þorfinnsson ehf.	19,90%	12.000
Textílfetur Íslands ses.	32,15%	2.000
Ferðapjónusta samtals		<u>76.185</u>

Fjárfestingarfélög

Dýralíf ehf.	31,70%	4.000
Saga Eignarhaldsfélag hf.	0,37%	354
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	40,00%	109.142
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	19,03%	96.840
Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf.	38,77%	7.850
Fjárfestingafélagið Vör hf.	41,83%	35.940
Hvetjandi ehf.	49,29%	54.469
Tvídrangi ehf.	15,27%	4.991
Fjárfestingarfélög samtals		<u>313.586</u>

Iðnaður

Borg, saumastofa ehf.	19,82%	170
Fánasmiðjan ehf.	9,95%	4.167
Fjallalamb hf.	10,68%	10.000
Molta ehf.	30,00%	50.000
Raflagnir Austurlands ehf.	22,37%	3.600
Trico ehf.	33,33%	5.000
Ullarvinnsla Frú Láru ehf.	29,76%	2.500
Vilko ehf.	8,22%	2.955
Þörungaverksmiðjan hf.	27,67%	7.919
Iðnaður samtals		<u>86.311</u>

SKÝRINGAR

13. Hlutfjáreign frh.

Landbúnaður	Eignarhluti	Nafnverð			
Eðalís ehf.	11,06%	3.000	Fiskvinnslan Drangur ehf.	8,17%	2.000
Yrkjar ehf.	7,29%	1.800	Reykofninn-Grundarfirði ehf.	15,24%	5.148
Landbúnaður samtals		<u>4.800</u>	Tó hf.	10,40%	2.667
Rekstrarráðgjöf			Þórsberg ehf.	30,02%	30.174
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	22,10%	1.933	Sjávarútvegur samtals		<u>176.933</u>
Austurbú ses.	3,13%	50	Verslun og þjónusta		
Rekstrarráðgjöf samtals		<u>1.983</u>	Samkaup hf.	2,77%	10.801
Sjávarútvegur			Verslun og þjónusta samtals		<u>10.801</u>
Bernskan ehf.	34,53%	22.444	Hlutfjáreign samtals		<u>845.818</u>
Eignarhaldsfélagið Gláma hf.	36,52%	114.500			

Hlutabréf eru bókfærð í ársreikningi á 809.599 þúsundir króna.

14. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Innréttingar	Bífreiddar	Samtals
Stofnverð 1/1	70.388	3.219	23.150	96.757
Afskrifað alls 1/1	(26.586)	(1.609)	(9.975)	(38.170)
Viðbót á tímabilinu	0	0	6.542	6.542
Afskrifað á tímabilinu	(1.947)	(644)	(4.576)	(7.166)
Selt á árinu	0	0	(2.080)	(2.080)
Söluhagnaður	0	0	935	935
Bókfært verð 31/12	<u>41.855</u>	<u>966</u>	<u>13.997</u>	<u>56.818</u>
Stofnverð alls 31/12	70.388	3.219	27.612	101.219
Afskrifað alls 31/12	(28.533)	(2.253)	(13.615)	(44.401)
Bókfært verð 31/12	<u>41.855</u>	<u>966</u>	<u>13.997</u>	<u>56.818</u>
Afskriftarhlutföll	2-3%	20%	20%	

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki	30.030	98.910	29.664
Háahlíð 4, Sauðárkróki	30.950	57.650	12.192
	<u>60.980</u>	<u>156.560</u>	<u>41.855</u>

15. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Erlent:	2013	2012
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	6.173.088	8.133.158
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	6.866.776	9.312.892
Nettó staða erlendra eigna og skulda	<u>(693.688)</u>	<u>(1.179.734)</u>

Verðtryggt:

Verðtryggðar eignir	4.219.886	4.139.926
Verðtryggðar skuldir	5.591.645	5.236.796
Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda	<u>(1.371.759)</u>	<u>(1.096.870)</u>

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:	USD	DKK	JPY	EUR	Samtals
Útlán	938.956	0	1.780.938	3.318.757	6.038.651
Handbært fé	18	1.437	13.391	119.591	134.437
Eignir samtals	<u>938.974</u>	<u>1.437</u>	<u>1.794.329</u>	<u>3.438.348</u>	<u>6.173.088</u>
Lántökur	959.380	0	2.066.149	3.841.247	6.866.776
Nettó staða	<u>(20.406)</u>	<u>1.437</u>	<u>(271.820)</u>	<u>(402.899)</u>	<u>(693.688)</u>

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

16. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	2013	2012
Gjaldkræft	0	0
Allt að 3 mánuðum	151.903	168.066
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	1.021.267	1.191.848
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	8.356.500	9.350.914
Yfir 5 ár	2.928.751	3.838.860
	<u>12.458.421</u>	<u>14.549.688</u>

17. Eigið fé

Á árinu 2011 var í fjárlögum 2012 fjármálaráðherra veitt heimild til að efla eigið fé Bygðastofnunar um allt að 2.000 milljónir króna. Af þeirri heimild voru 1.750 milljónir króna greiddar stofnuninni í janúar 2012 en eftirstöðvar í janúar 2013.

Samkvæmt lögum nr. 161/2002 skal eiginfjárlutfall lána- stofnana ekki fara undir 8% af svonefndum áhættugrunni, en í lok tímabilsins var eiginfjárlutfall stofnunarinnar 16,00%.

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

	2013	2012
Staða í upphafi árs	2.113.522	266.295
Framlag ríkissjóðs	0	2.000.000
Hagnaður (Tap) ársins	188.917	(152.773)
	<u>2.302.439</u>	<u>2.113.522</u>
Eiginfjárlutfall	<u>16,00%</u>	<u>12,55%</u>

18. Veittar ábyrgðir

Bygðastofnun hefur gengist í ábyrgðir að fjárhæð 23.739 þúsund króna. Í árslok var metin áhætta á því að ábyrgðir falli á stofnunina. Ábyrgðir að fjárhæð 1.187 þúsund króna, sem líklegar eru til að falla á stofnunina hafa verið skuldfærðar í ársreikningi. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema því um 22.552 þúsundum króna í árslok.

19. Önnur mál

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra var á árinu 2013 rekið dómsmál þar sem tekist var á um lögsmæti þess að skuldbreyta verðtryggðum lánum í íslenskum krónum í lán í erlendum myntum með útgáfu viðauka. Dómur féll þar 29. nóvember 2013, þar sem fallist var á lögsmæti svo skuldbreyttra lána Bygðastofnunar og hefur dómnum ekki verið áfrýjað. Uppreiknuð lán stefnanda nema nú um 210,1 milljónum króna en verði fallist á kröfur hans munu þau lækka um allt að 50% Samsvarendi útlán hjá stofnuninni nema að kröfuvirði 856,8 milljónum króna. Ekki hefur verið fært sérstakt varúðarframlag á afskriftarreikning vegna þessa. Að mati lögmanns Bygðastofnunar benda dómar Hæstaréttar, sem fallið hafa í sambærilegum málum (sbr. t.d. Hrd. 498/2013), eindregið til þess að Bygðastofnun muni verða sýknuð ef málinu verður áfrýjað.

STYRKIR OG FRAMLÖG

FRAMLÖG TIL ATVINNURÁÐGJAFNA

Nafn	Greiðsla í þús. króna
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	19.200
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	9.550
Fjórðungssamband Vesfirðinga	28.650
Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	19.200
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar	16.000
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	13.000
Austurbrú ses	22.000
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands	6.000
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	18.000
Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum	20.600
	<hr/>
	172.200

ANNAÐ

Nafn	
Listahátið í Reykjavík	2.500
Atvinnuvegaráðuneytið v. ESPON	4.048
	<hr/>
	6.548

LÖG UM BYGGÐASTOFNUN

Lög nr. 106 frá 27. desember 1999 með síðari breytingum.

Tóku gildi 1. janúar 2000. Breytt með l. 87/2009 (tóku gildi 20. ágúst 2009), l. 123/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 13/2013 (tóku gildi 20. febrúar 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé skilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. KAFLI Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Yfirstjórn og staðsetning.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn [ráðherra].¹⁾ [Ráðherra]¹⁾ ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

1) L. 126/2011, 291. gr.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt [skipulagslögum].¹⁾

1) L. 123/2010, 57. gr.

3. gr.

Ársfundur og stjórn.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð. [Ráðherra]¹⁾ skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. [Ráðherra]¹⁾ skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

1) L. 126/2011, 291. gr.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.
3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.

4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.
5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.
6. Að fjalla um og samþykkja ársreikning.
7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.
8. Að taka ákvarðanir um hlutafjárkaup og þátttöku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum.
9. Að setja reglur um lánakjör og fjármögnun verkefna.
10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni. [Reglur stjórnar Byggðastofnunar um lán og ábyrgðarveitingar skulu hafa hlotið staðfestingu ráðherra áður en þær öðlast gildi].¹⁾
11. Önnur verkefni sem [ráðherra]²⁾ felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnumála.

1) L. 13/2013, 1. gr. 2) L. 126/2011, 291. gr.

5. gr.

Forstjóri.

[Ráðherra]¹⁾ skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. [Kjararáð ákveður starfskjör forstjóra.]²⁾

1) L. 126/2011, 291. gr. 2) L. 87/2009, 7. gr.

6. gr.

Verkefni forstjóra.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um:
 - a. starfsskipulag stofnunarinnar,
 - b. rekstrar- og starfsáætlun,
 - c. áherslur í starfsemiinni,
 - d. lántökur og heildarútlán,
 - e. reglur um lánakjör.
3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.
4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. KAFLI

Starfsemi.

7. gr.

Byggðaáætlun.

[Ráðherra]¹⁾ leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu.

[Ráðherra]¹⁾ skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaáætlunar hafi [ráðherra]¹⁾ samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

1) L. 126/2011, 291. gr.

8. gr.

Rannsóknir á atvinnu- og byggðapróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknnum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

9. gr.

Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa. m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna. Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

10. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnaneindir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

11. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr. Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raun- gildi.

Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

[Ákvarðanir Byggðastofnunar sem lúta að veitingu lána eða ábyrgða og umsýslu tengdri þeim, sbr. 1. mgr., eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.]¹⁾

1) L. 13/2013, 2. gr.

12. gr.

Fjármögnun þróunarverkefna.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem [ráðherra]¹⁾ setur að fengnum tillögum stjórnar. Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

1) L. 126/2011, 291. gr.

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

13. gr.

Upplýsingar um starfsemi.

[Ráðherra]¹⁾ skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar. Ársreikningum skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

1) L. 126/2011, 291. gr.

14. gr.

Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákvæðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Fjármagnstekjur.

15. gr.

Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

16. gr.

Fjárvarsla.

Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum og sparissjóðum eða tryggum verðbréfum.

17. gr.

Undanþága frá gjöldum og sköttum.

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

18. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Reglugerð.

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.¹⁾

1) Rg. 347/2000.

20. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

REGLUGERÐ FYRIR BYGGÐASTOFNUN

NR. 347/2000

I. KAFLI Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Stjórnsýsluleg staða.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til að stuðla að vexti, nýsköpun og umbreytingu í atvinnulífi veitir stofnunin m.a. lán og ráðgjöf, fjármagnar og skipuleggur verkefni og stuðlar að öflugri atvinnuráðgjöf. Til að stuðla að eflingu byggðar gerir stofnunin tillögur og áætlanir sem grundvallaðar eru á gagnaðflun og rannsóknunum.

3. gr.

Ársfundur.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Stjórn Byggðastofnunar ákveður fundardag, fundarstað og dagskrá fundarins. Á ársfundi skal fjalla um aðgerðir og horfur í byggðamálum og starfsemi Byggðastofnunar.

Ársfundinn sitja iðnaðarráðherra og stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar. Ennfremur skal bjóða til fundarins fulltrúum atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga, alþingismönnum, fulltrúum annarra stofnana og aðila sem vinna að atvinnu- og byggðaþróunarmálum, fjölmiðlum og öðrum sem málið varðar.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Byggðastofnunar mótar stefnu fyrir stofnunina og sér til þess að henni sé framfylgt. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnin getur falið lánanefnd sem forstjóri veitir forstöðu að taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Í þeim reglum skal m.a. koma fram markmið lánastarfseminnar, lánskjarastefna og hámark láns og áhættuframlags vegna einstaks fyrirtækis. Ennfremur skipan og starfsskipulag lánanefndar, viðmiðun við ákvarðanatöku, ferill umsókna, upplýsingagjöf til umsækjenda og svartími. Þá skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf til stjórnar vegna eftirlitshlutverks hennar.

Byggðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu, þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisaðstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

5. gr.

Verkefni forstjóra.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra Byggðastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri annast framkvæmdastjórn og daglegan

rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Hann gerir tillögur til stjórnar um skipulag og stefnu. Forstjóri veitir lánanefnd jafnframt forstöðu. Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum um Byggðastofnun og reglugerð þessari fer um verkefni forstjóra samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI Starfsemi.

6. gr.

Skipulag starfseminnar.

Starfsemi Byggðastofnunar skal, auk skrifstofu forstjóra, skiptast í eftirtalin svið:

1. Fyrirtækjasvið sem annast m.a. lánsbeiðnir, ráðgjöf, útborgun lána, verkefnafjármögnun, athuganir og þróunarverkefni vegna fyrirtækja og atvinnulífs.
2. Þróunarsvið sem annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hefur umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs.
3. Lögfræðisvið sem annast m.a. lögfræðileg verkefni, innheimtu og yfirstjórn skjalagerðar.
4. Rekstrarsvið sem annast m.a. rekstur stofnunarinnar, bókhald, innheimtu lána, ásamt gerð rekstrar- og greiðsluáætlaða.

7. gr.

Áætlun.

Í upphafi hvers árs skal stjórn Byggðastofnunar láta gera áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í tveimur hlutum: Starfsáætlun og áætlun fyrir lánastarfsemi. Lánastarfsemin skal greiða þann kostnað í rekstri stofnunarinnar sem til hennar má rekja. Áætlanir skulu sendar iðnaðarráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Í starfsáætlun skal fjallað um þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að og ekki teljast til vinnubundinna verkefna. Þar skal einnig vera rekstraráætlun fyrir annað en lánastarfsemina. Gera skal grein fyrir hvernig framlögum á fjárlögum og öðrum tekjum skal ráðstafað í kostnað við rekstur, þátttöku í kostnaði vegna starfsemi atvinnuþróunarfélaga, fjármögnun verkefna og kaupa á hlutafé. Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir lánastarfsemina. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskriftarreikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Með áhættulánum er átt við lán með meiri áhættu en vaxtamunur þeirra getur greitt.

Í áætlun um fjármögnun verkefna skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem stofnunin hyggst vinna að á árinu og þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim. Þar skal gerð grein fyrir því hvert framlag stofnunarinnar er til einstakra verkefna og hvert framlag samstarfsaðila er.

III. KAFLI

Atvinnuráðgjöf.

8. gr.

Efling atvinnulífs.

Byggðastofnun vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja.

Byggðastofnun gerir samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Þá skal stofnunin vinna að því að efla samstarf og samhæfingu í atvinnuþróunarstarfsemi. Byggðastofnun veitir atvinnuþróunarfélögum faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðaþróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

9. gr.

Efling búsetuþátta.

Byggðastofnun hefur samvinnu við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og opinberar stofnanir og aðra aðila um eflingu búsetuþátta. Þar má telja menntun og menningu, samgöngur, umhverfismál og þjónustu. Byggðastofnun getur tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Byggðastofnun tekur þátt í samstarfshópum og aðstoðar við greiningu vanda dreifbýlla svæða, þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu.

10. gr.

Rannsóknir, upplýsingar og umsagnir.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknun og fylgist með atvinnu- og byggðaþróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði. Byggðastofnun metur áhrif laga- setningar og annarra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróun. Byggðastofnun veitir umsagnir og getur unnið greinargerðir og tillögur fyrir Alþingi, ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og aðra á verkefnasviði sínu.

11. gr.

Samstarf og samskipti.

Byggðastofnun vinnur að myndun samstarfsneta og getur tekið þátt í og skipulagt innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Byggðastofnun aðstoðar atvinnuþróunarfélög og aðra samstarfsaðila við gerð og öflun slíkra verkefna.

12. gr.

Stefnumótandi byggðaaætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir á sviði atvinnumála, opinberrar þjónustu o.fl.

Koma skal fram með hvaða hætti einstakar aðgerðir skulu fjármagnaðar, tímasetning þeirra og hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra. Í byggðaaætlun skal gerð

grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar og framvindu gildandi byggðaaætlunar.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaaætlun í samvinnu við Byggðastofnun og leita faglegrar ráðgjafar hjá stofnuninni um rannsóknir og úttektir til undirbúnings gerð byggðaaætlunar. Við gerð byggðaaætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaaætlun skal endurskoðað á tveggja ára fresti. Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra þátta stefnumótandi byggðaaætlunar sem ráðherra felur henni.

IV. KAFLI

Fjármögnun verkefna og veiting lána og ábyrgða.

13. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna vegna atvinnuuppbyggingar og á sviði nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórn, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Byggðastofnun getur einnig falið atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

14. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán og ábyrgðir. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Lánskjör skulu ákveðin af stjórn. Lánstími skal ekki vera lengri en 25 ár.

Markmið lánastarfseminnar er m.a. að tryggja fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri á landsbyggðinni aðgang að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum, stuðla að vexti framsækinnna fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggða.

Fjárhagslegt markmið lánastarfseminnar er að varðveita eigið fé að raungildi.

15. gr.

Umsóknir um lán.

Við mat á umsóknum skal hafa til viðmiðunar rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu, reynslu og þekkingu fyrirsvarsmanna þess, tryggingar fyrir lánum, nýsköpunargildi, samkeppnissjónarmið og gildi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá skal lögð áhersla á samstarf við aðrar lánastofnanir og stuðla að því að þær láni til fyrirtækja á landsbyggðinni. Öll lán skal áhættuflokka við afgreiðslu, m.a. miðað við rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu og tryggingar fyrir lánum.

Umsóknir um lán skulu að jafnaði vera á umsóknareyðublöðum sem fást hjá stofnuninni og atvinnuþróunarfélögum.

16. gr.

Eftirgjöf lána.

Óheimilt er að gefa eftir veitt lán. Frá þessu má þó gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldbærum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar Ríkisendurskoðanda áður en einstök lán eru gefin eftir.

17. gr.

Takmarkanir.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita



BYGGÐASTOFNUN

Ártorgi 1
550 Sauðárkróki

Sími 455 54 00
Fax 455 54 99

postur@byggdastofnun.is
www.byggdastofnun.is

lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum:

Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.

Um fjármögnunar- og lánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahags-svæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Aðstoð sem fellur undir c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna fjárfestinga skal ekki nema hærrí fjárhæð en svarar til 17% að teknu tillit til tekjuskatts, af upphaflegum stofnkosnaði vegna starfsstöðvar eða breytinga á henni. Til viðbótar er heimilt að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð er svarar til allt að 10% af sömu kostnaðarþáttum, sbr. skilgreiningu 10.2 í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Framangreindir hundraðshlutar eru hámarksviðmiðanir fyrir alla opinbera fjárhagsaðstoð til sama verkefnis.

Við útreikning og mat á veittri aðstoð skal miða við þá ávöxtun sem fengist hefði við eðlilegar markaðs-aðstæður hverju sinni.

V. KAFLI

Þátttaka í atvinnurekstri.

18. gr.

Stofnun fyrirtækja.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar. Höfð skal hliðsjón af byggðaáætlun við slíkar ákvarðanir.

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og lagt fram fjármagn. Almenn séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla miðast við að stofnunin sé ekki sjálf beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutfjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun er þó ávallt heimilt að taka þátt í félagi með hlutfjárframlagi eða öðrum stofnframlögum sem eigandi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- eða þróunarfélög, þar með talin atvinnuþróunarfélög.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Byggðastofnun ætíð heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutfé. Þá er Byggðastofnun heimilt að breyta fullnustueignum í hlutfé þegar það er talið vera fjárhagslega hagkvæmasta leiðin til að verja innheimtuhagsmuni stofnunarinnar.

19. gr.

Sala hlutabréfa (eignarhluta).

Þjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem Byggðastofnun á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfamarkaði.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hlutfjáreignar Byggðastofnunar í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum, þar með talið atvinnuþróunarfélögum, en stjórn Byggðastofnunar er heimilt að selja hlutabréf stofnunarinnar í slíkum félögum.

20. gr.

Eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög.

Með vísan til hlutverks Byggðastofnunar er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum með allt að 40% eignaraðild. Skilyrði slíkrar aðildar er að fagfjárfestar, fyrirtæki í einkaeigu og einstaklingar eigi a.m.k. 10% hlutfjár í slíkum félögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr.

Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.

22. gr.

Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru framlag úr ríkissjóði og fjármagnstekjur.

23. gr.

Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis, annað hvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

24. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

25. gr.

Hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn þess eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málið. Við upphaf stjórnarsetu ber stjórnarmanni að leggja fram yfirlit yfir þau fyrirtæki sem hann telur að svo sé ástatt um að hann geti ekki tekið þátt í afgreiðslu á málefnum þeirra. Hann skal einnig tilkynna ef breytingar verða á högum hans að þessu leyti.

26. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimilt í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, svo og með vísan til 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um lagagildi samningsins hér á landi.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. maí 2000.